# FRÉTTABLAÐIÐ

211. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 7. SEPTEMBER 2016





Fullt var út úr dyrum þegar íslenska kvikmyndin Eiðurinn var forsýnd í Smárabíó í gærkvöldi. Handritshöfundar myndarinnar, þeir Ólafur Egill Egilsson og Baltasar Kormákur, föðmuðust innilega áður en myndin var sýnd. Á myndinni má líka sjá Lilju Pálmadóttur. Auk þess að semja handritið leikstýrði Baltasar myndinni og leikur eitt aðalhlutverkanna. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# SA vilja gjaldtöku við ferðamannastaði

**Að mati efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins er frjáls gjaldtaka betri leið en komugjald eða náttúrupassi til að stýra ágangi á vinsælum ferðamannastöðum. Í nýrri skýrslu segir að komið komið sé að þolmörkum sumra staða og ekki sé í boði að gera ekki neitt.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Gjaldtaka er hagkvæmasta leiðin til að bæði hámarka arð af auðlindum og stýra ágangi á þeim. Það er ekki í boði að gera ekki neitt, almennt gildir um vinsæla ferðamannastaði að fjölgunin verður stigvaxandi þar til þolmörkum er náð. Sé ekkert gert verður stöðnun eða hnignun í fjölgun ferðamanna. Þetta er mat efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins.

Ný skýrsla um ferðaþjónustuna verður kynnt á opnum umræðufundi Samtaka atvinnulífsins í dag. Þar er lagt til að gjaldtaka verði frjáls fyrir virðisaukandi þjónustu.

„Það sem gjaldtakan gerir, líkt og í öðrum rekstri, er að stýra aðganginum. Við erum ekki að leggja til að þetta sé eina tólið sem sé notað. Í Bláa lóninu er til dæmis bæði rukkað inn og þar er líka aðgangsstýring. En þetta er hagkvæmasta leiðin bæði til þess að þeir greiði sem njóta og borgi þá fyrir uppbyggingu staðanna, og eins er þetta náttúruvernd, að geta stýrt aðgangi,“ segir Óttar Snædal, einn höfunda greiningarinnar.

> **Í Bláa lóninu er til dæmis bæði rukkað og þar er líka aðgangsstýring.**
>
> Óttar Snædal, hagfræðingur á efnahagssviði Samtaka atvinnulífsins

Að mati SA eru áskoranir fram undan í ferðaþjónustu á Íslandi þar sem náttúran er takmörkuð auðlind og ekkert bendir til þess að vöxtur í ferðaþjónustu muni dragast saman.

**– sg / sjá Markaðinn**

## Bieber vildi byrja á Íslandi

**LÍFIÐ** „Ástæðan fyrir því að við völdum Ísland er Justin sjálfur, hann bað um þessa tónleika. Hann kom hingað í fyrra þar sem hann tók upp myndband við lagið I'll Show You og hann einfaldlega heillaðist af landinu,“ segir Bandaríkjamaðurinn Chris Gratton í samtali við Fréttablaðið. Gratton hannar og hefur yfirumsjón með tónleikaferðalögum poppstjörnunnar Justins Bieber. Tónleikaferðalag Biebers um Evrópu hefst í Kórnum í Kópavogi annað kvöld.



**– gjs / sjá síðu 28**

## Fréttablaðið í dag


**MARKAÐURINN** Lyfjafræðingurinn Friðrik Steinar Kristjánsson sá tækifæri á lyfjamarkaðnum á Spáni og ákvað því að stofna Invent Farma. Fyrirtækið óx á ógnarhraða.



**FRÉTTIR** Starfsfólk vantar á nær helming leikskóla 4

**SKOÐUN** Ólafur Arnarson veltir fyrir sér nýjum tímum. 15

**SPORT** Ólympíumót fatlaðra hefst í Ríó í dag. 16

**TÍMAMÓT** Aðalbjörg Jónsdóttir er afkastamikil í hannyrðum 18

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**
● FÓLK ● MARKAÐURINN


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Hægur vindur, en suðaustan 8-13 m/s við suðvesturströndina. Þokkalegasta veður norðanlands. Skúrir í öðrum landshlutum, einkum seinnipart dags. Hiti 8 til 14 stig. SJÁ SÍÐU 22

# Alltaf í boltanum



Hafnfirðingar hafa unnið að því frá því í sumar að fjarlægja gamla dekkjakurlið af fótboltavöllum í bænum. Það var ekki annað að sjá en að þessir strákar hefðu gaman af því að spila á vellinum við Öldutúnsskóla þegar ljósmyndari Fréttablaðsins rakst á þá. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Varð viðskila við ferðafélagann

**BJÖRGUN** Björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar á Suðurlandi voru kallaðar út á sjötta tímanum í gær til að leita að göngukonu sem varð viðskila við ferðafélaga sinn. Eftir stutta leit fannst hún heil á húfi á Hamragarðsheiði við rætur Eyjafjallajökuls.

Að sögn Jóns Hermannssonar hjá svæðisstjórn björgunarsveita tók á þriðja tug björgunarmanna, úr fjórum björgunarsveitum, þátt í leitinni. Veðurskilyrði voru með allra besta móti og gat konan gefið leitarmönnum grófa lýsingu á nærumhverfi sínu í gegnum síma.

Konan hafði verið á göngu við annan mann sem gekk öllu hraðar en hún til baka til bifreiðar þeirra. Skyndilega var konan ein á ferð og rataði ekki til baka í bílinn. Því leitaði hún til björgunarsveitanna. – jóe

## Vilja hinsegin félög í skólana

**SAMFÉLAG** Sex nemendur Menntaskólans við Hamrahlíð stofnuðu í gær Hinsegin félag. Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir er ein stofnfélaga.

„Okkur fannst hinsegin fólk vanta almennan hljómgrunn innan skólans. Að fólk sem hefur áhuga fyrir málstaðnum geti komið saman og reynt að bæta nærumhverfi sitt.“

Félagið vill auka hinsegin fræðslu fyrir nemendur og ekki síst kennara en Þórhildur segir skorta á það. Annað verkefni er að stofna Landssamband hinsegin framhaldsskólanema. „Okkur finnst vanta framhaldsskólanemendur í hinsegin samfélagið,“ segir Þórhildur. – ebg



Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir

## Viðvörun til þingmanna

**HONG KONG** Yfirvöld í Kína hafa tilkynnt að hver sá sem talar fyrir sjálfstæði Hong Kong eigi á hættu að verða refsað. Yfirlýsingin kemur í kjölfar þess að lýðræðissinnaðir flokkar unnu sigur í kosningum í borginni.

Sjötíu fulltrúar eiga sæti í löggjafarráði Hong Kong. Eftir kosningarnar skipa lýðræðissinnaðir þingmenn helming þingsæta. Þessi fjöldi þýðir að hópurinn getur beitt neitunarvaldi gegn stjórnarskrárbreytingum kínverskra stjórnvalda.

Minnst sex þingmenn vilja að Hong Kong slíti sig frá Kína. Í þeirra hópi er Nathan Law en hann varð yngsti þingmaður í sögu Hong Kong, 23 ára að aldri.

Hong Kong er sjálfstjórnarhérað í Kína og hefur verið frá árinu 1997. Löggjafarráðið stýrir flestum málefnum borgarinnar að varnarmálum og utanríkismálum undanskildum. Þeim er stýrt frá Peking. – jóe

# Tíu látnir í umferðinni það sem af er árinu

**Formaður FÍB segir vegakerfið vera að grotna niður og að ráðamenn fljóti sofandi að feigðarósi í þessum málaflokki. Á meðan umferð aukist á vegum landsins sé skorið niður í málaflokknum. Vegakerfið sé hættulegt á löngum köflum.**

**SLYS** Tíu einstaklingar, þar af einn ferðamaður, hafa látið lífið á vegum landsins það sem af er ári. Umferð hefur aukist gríðarlega frá hruni með fjölgun ferðamanna sem koma til landsins en á sama tíma á að skera niður fjármagn til uppbyggingar og nýframkvæmda í vegakerfinu.

Runólfur Ólafsson, formaður Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB), segir stöðuna orðna grafalvarlega og hættulega vegfarendum.

Síðastliðinn sunnudag lést ung telpa í þriggja bíla árekstri á Ólafsfjarðarvegi sunnan Dalvíkur, nánar tiltekið við afleggjarann inn í Skíðadal. Var það tíunda dauðsfallið í umferðinni í jafn mörgum banaslysum en frá árinu 2011 hafa 66 einstaklingar látist í umferðinni.

Þrjú banaslys hafa orðið á suðvesturhorni landsins þar sem umferðin er iðulega mest og flestir íbúar. Einnig hafa þrjú banaslys orðið á Suðurlandi og tvö á Norðurlandi.

Runólfur segir fjármagn skorta til að gera vegina á Íslandi öruggari fyrir vegfarendur.

„Við búum við frumstæðasta vegakerfi í Evrópu þar sem hringvegurinn er ekki einu sinni allur klæddur bundnu slitlagi. Á meðan umferð eykst ár frá ári liggur vilji núverandi stjórnvalda til að draga úr fjárframlögum til vegamála. Reyndar átti að spýta nokkuð í á næsta ári, líkast til vegna þess að menn héldu að þeir væru á leið í kosningar á því ári, en það dugar skammt,“ segir Runólfur.

Hann gagnrýnir stjórnvöld harðlega fyrir sinnuleysi. „Ráðamenn hafa flotið sofandi að feigðarósi í þessum málum. Við sjáum það núna að samgönguáætlun fyrir 2015 til 2018 liggur enn ósamþykkt á þriðja þingi þeirrar tillögu,“ bætir hann við.

Ásta Guðrún Helgadóttir, þingmaður Pírata, segir mikilvægt að auka fé til vegauppbyggingar.

„Minnihlutinn hefur ekki verið að þvælast fyrir auknu fjármagni í vegamál og vonar að áætlunin verði afgreidd úr nefndinni hið fyrsta. Áætlunin er tilbúin en það virðist vera einhver tregða hjá formanni nefndarinnar, Höskuldi Þórhallssyni, til að afgreiða málið úr nefndinni til þinglegrar meðferðar,“ segir Ásta Guðrún. – sa

### 10 látnir í 10 banaslysum það sem af er ári 2016




> Minnihlutinn hefur ekki verið að þvælast fyrir auknu fjármagni í vegamál og vonar að áætlunin verði afgreidd úr nefndinni hið fyrsta.



Ásta Guðrún Helgadóttir, alþingismaður Pírata



TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

TOYOTA ER KOMIÐ Í

# HAUSTGÍRINN

HJÁ ÖLLUM VIÐURKENNDUM SÖLUAÐILUM




ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 80997 08/16

**Avensis Touring Sports með aukahlutapakka:**
Leiðsögukerfi, dráttarbeisli, farangursbox og þverbogar. **Verðmæti: 399.000 kr.**

**Avensis Sedan með aukahlutapakka:**
Leiðsögukerfi, króm á púst, krómlistar á allar hliðar og gluggavindhlífar. **Verðmæti: 322.000 kr.**




**RAV4 2WD dísil eða Hybrid með kaupauka að eigin vali:**
- Ferðaklár með sex manna tjaldi, gasgrilli og fl. í **486.000 kr. ferðapakka.**
- Dráttarklár með kerru og dráttarbeisli í aukahlutapakka að **verðmæti 344.000 kr.**

**Corolla á sérkjörum**
Valdar gerðir úrvalsbíla á áður óséðu sértilboðsverði.

**Auris á sérkjörum**
Valdar gerðir úrvalsbíla á áður óséðu sértilboðsverði.

**AYGO með 2 ára þjónustupakka:**
Skoðun og smurning í tvö ár!

## Glæsileg sértilboð á haustdögum

Við setjum í haustgír hjá öllum viðurkenndum söluaðilum Toyota á Íslandi.
Nú er rétti tíminn til að gera frábær kaup og ná sér í veglegan kaupauka.

**Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

Spurðu söluráðgjafa út í haustgíruð sértilboð!

Kynntu þér **Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág** innborgun

**Tryggt** framtíðarvirði

**Fastar** mánaðargreiðslur

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bílarnir í þessari auglýsingu endurspegla ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

# Stefnt á að meira en 400 hjúkrunarrými verði til fyrir 2020

**VELFERÐARMÁL** Stefnt er að því að fimmtíu rýma hjúkrunarheimili rísi á Selfossi á næstu árum. Fimmtán af fimmtíu eru viðbótarrými en hin 35 leysa eldri rými af hólmi. Gangi áætlanir eftir munu framkvæmdir hefjast að ári og unnt verður að taka heimilið í notkun fyrir mitt ár 2019.

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra og Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Árborgar, undirrituðu samkomulag þess efnis í gær.

Heildarkostnaður við hjúkrunarheimilið, án nauðsynlegs búnaðar, er áætlaður 1.365 milljónir króna. Stærstur hluti kostnaðarins, eða um fimm sjöttu, greiðist úr ríkissjóði og Framkvæmdasjóði aldraðra en Árborg kemur til með að greiða um 16 prósent. Kostnaður við kaup á nauðsynlegum búnaði skiptist í sömu hlutföllum. Starfshópur, skipaður fulltrúum ráðuneytis og sveitarfélags, mun vinna að áætlunargerð og hönnun hjúkraheimilsins. Að þeirri vinnu lokinni verður leitað eftir heimild til framkvæmda.

Í svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Svandísar Svavarsdóttur, þingmanns Vinstri grænna, frá því í ágúst kemur fram að áform séu um rúmlega 200 ný viðbótarrými á höfuðborgarsvæðinu. Þá er að auki gert ráð fyrir sextíu hjúkrunarrýmum í Hafnarfirði sem komi til með að leysa eldri rými af hólmi.

Á landsbyggðinni er sem stendur unnið að viðbyggingum við hjúkrunarheimilin á Hvolsvelli og Hellu. Alls er þar um að ræða tuttugu rými. Á síðustu mánuðum hafa síðan risið ný hjúkrunarheimili á Ísafirði, Egilsstöðum og í Bolungarvík. Alls er þar um að ræða sjötíu rými, þrjátíu á fyrrnefndu stöðunum en tíu í Bolungarvík. Átján af rýmunum sjötíu eru viðbótarrými. – **jóe**



**Skrifað undir samkomulag um hjúkrunarrýmin.** FRÉTTABLAÐIÐ/MAGNÚS HLYNUR



**Ari vill að börn njóti verka Þjóðleikhússins.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Börnum boðið á leiksýningar

**LEIKLIST** Leikarar Þjóðleikhússins hyggjast leggja land undir fót í október og bjóða fimm og sex ára börnum vítt og breitt að njóta barnaleiksýningar á vegum leikhússins.

Í bréfi Ara Matthíassonar þjóðleikhússtjóra til sveitarfélaga kemur fram að þau þurfi að útvega sýningarrými sem og gistingu fyrir leikara. Erindi Ara hefur meðal annars verið tekið fyrir í félagsmálaráði Dalvíkurbyggðar sem samþykkti að óska eftir leiksýningunni þangað. Kostnað á að færa á fjárhagsliðinn forvarnir. Sýningin heitir Lofthræddi örninn hann Örvar. – **gar**

### LEIÐRÉTTING

**Engar greiðslur fyrst eftir hruni ð**

*Vegna fréttar í blaðinu í gær um samning Borgarbyggðar við Þorbjörn Hlyn Árnason, sóknarprest á Borg á Mýrum, frá árinu 2005 um 200 þúsund króna árlegt framlag vegna kynningar á staðnum fyrir ferðamenn skal tekið fram að greiðslurnar féllu niður fyrstu árin eftir hrunið 2008. Þorbjörn segir að þó hafi verið greiddar 100 þúsund krónur upp í samninginn árlega síðustu þrjú ár. Hann segir staðinn hafa mikinn kostnað af heimsóknum ferðamanna. Í erindi Þorbjarnar til Borgarbyggðar er eingöngu óskað eftir að farið verði yfir þessi mál og það á að gera.*

# Vantar starfsfólk á nær helming leikskóla Reykjavíkurborgar

**Fimmtíu stöðugildi ómönnuð í leikskólum. Börn send heim vegna manneklu. Starfsfólk flýr í önnur störf.**

**SKÓLAMÁL** Af 64 leikskólum í Reykjavík vantar starfsfólk á 27 leikskóla og er um ríflega fimmtíu stöðugildi að ræða. Í tíu leikskólum vantar þrjá til fjóra starfsmenn til að leikskólinn sé fullmannaður fyrir veturinn.

Í samtali við leikskólastjóra þeirra leikskóla sem auglýsa þessa dagana eftir starfsfólki kemur skýrt fram að erfitt er að fá fólk. Margir skólar hafa reynt að ráða í stöður frá því í ágúst. Flestir leikskólastjórar segja litlar undirtektir vera og í nokkrum tilfellum hafa engin svör borist við atvinnuauglýsingum. Fólk í atvinnuleit virðist leita á önnur mið.

„Það er búið að þrengja það mikið að starfinu. Starfsumhverfið er orðið svo erfitt,“ segir Anna Bára Pétursdóttir, leikskólastjóri á Jöklaborg, en hún hefur misst starfsfólk til leikskóla í öðrum sveitarfélögum.

Í sumum leikskólum hefur manneklan orðið til þess að leikskólastjórar hafa þurft að skerða þjónustu við börn. Þannig hefur leikskólinn Bakkaborg gert skipulag fyrir septembermánuð þar sem hvert barn þarf að vera heima einn dag í viku. Foreldrar eru ekki sáttir.

„Bakkaborg hefur staðið sig einstaklega vel miðað við aðstæður. En borgarstjórn þarf að fara að hysja upp um sig buxurnar. Það þarf að bæta starfsaðstæður,“ segir Halldóra Kristjónsdóttir, móðir barns á Bakkaborg, en hún er nýbyrjuð í nýju starfi og því erfitt að taka frí einn dag í viku. „Þetta er ekki bjóðandi fyrir vinnandi fólk. Ef þetta ástand fer ekki að skána flyt ég í annað sveitarfélag. Ég ætla ekki að bjóða barninu mínu upp á að fá verri skólaþjónustu en börn í öðrum sveitarfélögum.“



**27** reykvískir leikskólar auglýsa þessa dagana eftir starfsfólki

**64** leikskólar eru í borginni

**54** stöður hið minnsta eru ómannaðar

**Nokkrir leikskólar hafa þurft að grípa til þess örþrifaráðs að skerða þjónustuna.** RÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Ef þetta ástand fer ekki að skána flyt ég í annað sveitarfélag. Ég ætla ekki að bjóða barninu mínu upp á að fá verri þjónustu en börn í öðrum sveitarfélögum.**
>
> Halldóra Kristjónsdóttir, móðir barns á Bakkaborg



Elín Erna Steinarsdóttir, leikskólastjóri Bakkaborgar, segir ástandið svipað og rétt fyrir hrun þegar fólk gat valið milli starfa. Því miður verði leikskólinn oft út undan í þeirri keppni. Í síðustu viku hættu tveir starfsmenn við að hefja störf á leikskólanum því þeim hafði boðist annað starf.

„Við vorum komin með fullmannaðan leikskóla. Svo breyttist það á tveimur dögum. Leikskólar njóta aldrei góðæris. Það eru skerðingar og hagræðing hvort sem það er góðæri eða kreppa. Í raun er auðveldara að reka leikskóla í kreppu því þá fáum við starfsfólk,“ segir Elín.

Dagar sem börnin eru ekki á leikskólanum eru dregnir af leikskólagjaldi barnsins. „En það er mun lægri upphæð en vinnutap foreldra,“ segir Elín. „Fólk þarf að geyma sumarfrí fyrir skipulagsdaga, frí í grunnskólum, sumarfrí og svo framvegis. Það á enginn aukafrí fyrir þessa daga og það hafa ekki allir gott net í kringum sig upp á aðstoð.“

erlabjorg@frettabladid.is








Beltone **Legend**™

Enn snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone **Legend**™ heyrnartækið tengist þráðlaust beint í **iPhone**, **iPad** og **iPod touch**. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.

HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni · Sími 568 7777 · heyra.is




GERÐU ÞIG AÐ
**VERÐMÆTARI STARFSMANNI**

# BÓKHALDS- OG TÖLVUNÁM

Fjöldi öflugra og hagnýtra námskeiða í boði, jafnt fyrir þá sem þurfa að fá haldgóðan grunn eða lengra komna sem vilja öðlast dýpri þekkingu og færni.

## BÓKHALD – GRUNNUR

Hnitmiðað nám fyrir starfandi skrifstofu- og verslunarfólk eða þá sem hafa hug á að starfa á þeim vettvangi. Hentar einnig einstaklingum með sjálfstæðan atvinnurekstur sem vilja vera sem mest sjálfstæðir við bókhaldið.

Hefst **5. október** • Morgun- og kvöldhópur • **20 skipti**

## BÓKARANÁM FYRIR LENGRA KOMNA

Sérlega hagnýtt framhaldsnámskeið í bókhaldi sem hentar þeim sem hafa einhverja bókhaldsreynslu eða hafa lokið tölvu-, skrifstofu- og bókhaldsnámi en vilja ná dýpri þekkingu og færni í bókhaldi. Einnig kjörinn undirbúningur fyrir námið Viðurkenndur bókari. Kennsla fer að mestu leyti fram í formi verklegra æfinga með raunhæfum verkefnum.

Hefst **15. september** • Morgun- og kvöldhópur • **24 skipti**

### UPPLIFUN NEMENDA

„Nám sem nýtist mér beint í starfi. Einstakt að geta tekið allt í fjarnámi án þess að þurfa sérstakan búnað til. Góð tímasetning.
**Signý Björk Kristjánsdóttir, Bókaranám fyrir lengra komna.**

## FRAMABRAUT – VIÐURKENNDUR BÓKARI

Markmiðið með þessari námsbraut er að nemendur öðlist þá hæfni sem þarf til að geta skarað fram úr í bókhaldsvinnu og verði vel undirbúnir fyrir próf til viðurkenningar bókara á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

Námið skiptist í sex hluta:
- **Bókhald – grunnur**
- **Bókaranám fyrir lengra komna**
- **Skattskil einstaklinga með rekstur**
- **Viðurkenndur bókari**

**Hefst 5. október • Lýkur í desember 2017**

## ALMENNT TÖLVUNÁM

Afar gagnleg og hnitmiðuð námsbraut sem skilar árangri strax. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur öðlist hagnýta þekkingu í tölvuvinnslu sem nýtist jafnt í starfi sem heima og öðlist öryggi og færni í notkun helstu skrifstofuforrita; Word, Excel og Outlook.

Hefst **11. október** • Morgun- og kvöldhópur • **11 skipti**

### AF HVERJU NÁM HJÁ PROMENNT?

- Persónuleg þjónusta og mikil aðstoð við nemendur.
- Náið samstarf við atvinnulífið.
- Mikill hluti nemenda Promennt hefur fengið ný starfstækifæri að loknu námi.
- Nemendur hafa val um staðkennslu og/eða fjarkennslu í beinni ásamt góðum stuðningi með Fræðsluskýinu sem inniheldur upptökur af völdum hlutum námskeiðanna.

| STÖK NÁMSKEIÐ | SKIPTI | HEFST |
|---|---|---|
| Excel fyrir bókara | 3 | 15. sept. |
| Exel frh. og Pivot greiningar | 3 | 15. sept. |
| Excel grunnur | 4 | 21. sept. |
| Skattskil einstaklinga með rekstur | 6 | 28. sept. |
| Navision fjárhagsbókhald | 9 | 31. okt. |
| Tollskýrslugerð | 4 | 28. nóv. |

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á **promennt.is**

PROMENNT

Með fyrirvara um prentvillur og ófyrirséðar verðbreytingar.

PIPAR\TBWA • SÍA • 161848



Halldór Hauksson segir unnið með bakgrunn ungmenna á nýrri meðferðarstöð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐ

## Ný meðferðarstofnun fyrir unglinga

**SAMFÉLAG** Í undirbúningi er stofnun nýrrar meðferðarstofnunar á höfuðborgarsvæðinu. Þar verður einnig hægt að afplána fangelsisdóma í meðferð eins og hægt hefur verið á öðrum meðferðarheimilum Barnaverndarstofu, svo sem Stuðlum. Ellefu börn, á aldrinum 15 til 17 ára, fengu dóm vegna brota á síðasta ári. Tæplega 500 börn, 18 ára og yngri, voru kærð vegna brota á sama tímabili.

„Aðaláherslan í meðferðinni þarf að vera á þá áhættuþætti í lífi einstaklingsins sem leiddu til þeirrar hegðunar sem olli þeim sjálfum eða öðrum skaða og reyndist eftir atvikum saknæm," segir Halldór Hauksson hjá Barnaverndarstofu. Ekki er ljóst hvað undirbúningur mun taka langan tíma og hvenær heimilið verður tilbúið en nú er leitað að hentugu húsnæði fyrir það. – **kbg**



Bæjarráð Fljótsdalshéraðs er ósátt vegna flugvallarins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Gífurleg vonbrigði í flugvallarmáli

**SAMGÖNGUMÁL** Bæjarráð Fljótsdalshéraðs tekur undir með stjórn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi sem lýsti í ágúst yfir „gríðarlegum vonbrigðum með þann farveg sem hið opinbera hefur sett málefni innanlandsflugvallar í Reykjavík í", eins og segir í bókun byggðarráðsins.

„Samhliða þessum afdrifaríku ákvörðunum, hafa yfirvöld ekki lagt fram neina áætlun eða stefnu um það hvernig tryggja eigi öryggi og heilsu íbúa á Austurlandi og um land allt. Það er skýlaus krafa að úr því verði bætt án tafar," segir byggðarráð Fljótsdalshéraðs. – **gar**

**» Bæjarráð Fljótsdalshéraðs segir yfirvöld ekki hafa lagt fram neina áætlun eða stefnu um að tryggja öryggi.**

## Barist við elda í Frakklandi



Miklir skógareldar kviknuðu í Tuchan, í suðurhluta Frakklands, í fyrradag. Slökkviliðsmenn börðust í gær við eldana, sem höfðu þá brennt um 900 hektara landsvæði. Slökkviliðinu tókst að ná stjórn á eldinum en óttast er að hann geti blossað upp aftur. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Kæra synjun á náttúrulaug

**HEILBRIGÐISMÁL** Fontana ehf. á Laugarvatni hefur kært ákvörðun Heilbrigðisnefndar Suðurlands um að synja fyrirtækinu um leyfi til að skilgreina eina laug á svæðinu sem „baðstað í náttúrunni".

Ósk Fontana var synjað í apríl. Heilbrigðisnefndin vísaði í reglugerðir um sund- og baðstaði og um baðstaði í náttúrunni.

„Verið er að blanda saman rekstri sund- og baðstaðar annars vegar og náttúrulaugar hins vegar," sagði heilbrigðisnefndin sem óskaði eftir að nefnd á vegum Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga flytti störfum sínum „þannig að heilbrigðisnefndir víðsvegar um landið geti tekið samræmda afstöðu til slíkra starfsleyfisveitinga". – **gar**

**» Ósk Fontana var synjað í apríl. Heilbrigðisnefndin vísaði í reglugerðir um sund- og baðstaði.**

# Mikill fjöldi öryrkja á biðlista eftir húsnæði

**Hátt í 400 öryrkjar eru á biðlista eftir húsnæði hjá Brynju, hússjóði Öryrkjabandalagsins. Framkvæmdastjóri sjóðsins segir að þrengingum á húsnæðismarkaði sé um að kenna og að sveitarfélögin standi sig ekki í þjónustunni.**

**VELFERÐARMÁL** Mikil fjölgun hefur orðið á biðlista Brynju, hússjóðs Öryrkjabandalagsins, á einu ári. Nú eru 377 á biðlistanum en það er fimmtíu prósenta fjölgun frá því fyrir ári. Aðeins þeir sem eru 75 prósent öryrkjar og undir ákveðnum tekju- og eignamörkum uppfylla skilyrði til að leigja húsnæði hjá sjóðnum.

Björn Arnar Magnússon, framkvæmdastjóri Brynju, kennir þrengingum á leigumarkaði um langan biðlista. „Það er alltaf verið að taka fleiri og fleiri íbúðir í Airbnb og síðan er verið að selja þær íbúðir sem hafa verið í leigu."

Brynja á 780 íbúðir sem eru fullnýttar svo allt í allt eru það ríflega 1.100 manns sem vilja búa á vegum félagsins. Leigan hjá Brynju er töluvert lægri en gengur og gerist á almennum leigumarkaði, allt frá 61 þúsund krónum fyrir litlar einstaklingsíbúðir og upp í 155 þúsund fyrir fjögurra herbergja íbúðir. Ekki er farið fram á tryggingu við upphaf leigutímabils.

Björn segir að á meðan biðlistinn lengist búi öryrkjar við erfiðar aðstæður. „Sumir eru nánast á götunni. Það eru lítil úrræði hjá sveitarfélögunum. Það er skylda sveitarfélaganna að skaffa húsnæði en þau eru bara ekkert að standa sig í því. Ástandið hefur aldrei verið eins slæmt."

Að sögn Björns hefur Brynja að jafnaði keypt 20 íbúðir á ári undanfarin átta ár til að stemma stigu við þessum húsnæðisvanda. Nú sé til skoðunar að spýta í lófana varðandi það.




Öryrkjabandalagið hefur verið duglegt að mótmæla bágum kjörum öryrkja síðastliðin ár. 377 eru á biðlista eftir húsnæði hjá hússjóði ÖBÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Ástandið hefur aldrei verið eins slæmt.**

Björn Arnar Magnússon, framkvæmdastjóri Brynju, hússjóðs ÖBÍ



Valborg Kristjánsdóttir varð öryrki eftir slys árið 1994 og hefur verið á biðlista hjá Brynju í eitt ár. Hún er að missa leiguhúsnæði sitt og segir að nú taki við millibilsástand þar til hún fær íbúð úthlutaða. „Ég hef engin efni á að leigja á frjálsum markaði. Það var ein sem ég var að tala við sem þarf að borga þrjá mánuði fyrirfram plús tryggingu. Þetta er hátt í hálf milljón bara til að komast inn."

**snaeros@frettabladid.is**


Einstakt tækifæri



Viljir þú lána mér 750.000 í dag mun ég endurgreiða þér
**1.500.000 1. mars næstkomandi.**
Ég er strangheiðarlegur.
Það verður sá fyrsti sem hringir sem verður heppinn og lánar mér 750.000 kr.

**Upplýsingar gefur Björgvin Ómar Ólafsson • Frumskógum 6, 810 Hveragerði**
**Kennitala 170352-3279 • Upplýsingar í síma 865-7013**

# SÍÐUSTU DAGAR RISAÚTSÖLUNNAR

# LAGERHREINSUN!

## Stakar dýnur í Queen og King stærðum!

**VERÐDÆMI!**
Queen Size (153x203 cm)
**AÐEINS 62.000 kr.**

**VERÐDÆMI!**
King Size (193x203 cm)
**AÐEINS 84.200 kr.**

÷50%



**SUMMER GLOW**
Queen Size (153x203 cm)
Fullt verð 278.711 kr.
**NÚ 139.356 kr.**

÷20%



**HÆGINDASTÓLL**
með fótaskemil og hallandi baki
Fullt verð 43.500 kr.
**NÚ 34.800 kr.**

**Útlitsgallaðar, skila- og skiptidýnur á 50 til 60% afslætti!**

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Ármúla 44 ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

ARGH!!! 070916#13

# Framleiðslan ekki meiri síðan 1988

**Sauðfé hefur fjölgað á landinu síðan 2006 og var kindakjötsframleiðslan í fyrra meiri en síðustu 26 ár. Neysla hefur á sama tíma dregist saman. Framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda telur ekki framleitt of mikið þar sem allt kjöt selst úr hverri sláturtíð.**

**LANDBÚNAÐUR** Árið 2015 framleiddu íslenskir sauðfjárbændur 10.185 tonn af lambakjöti en bændur hafa ekki framleitt svo mikið síðan árið 1988. Á sama tíma hefur neysla á lambakjöti á hvern Íslending dregist saman úr 33,2 kílóum á hvert mannsbarn á ári í 19,5 kíló.

Björn Víkingur Björnsson, framkvæmdastjóri Fjallalambs á Kópaskeri, sagði offramleiðslu eiga sér stað á Íslandi í lambakjöti og að greitt væri með útflutningi lambakjöts.

Svavar Halldórsson, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda (LS), segir það ekki rétt að framleiðslan sé of mikil og að í raun hafi fé hér á landi fækkað undanfarið. „Hér á landi er ekki framleitt of mikið af lambakjöti á hverju ári. Það sést glögglega á þeirri staðreynd að við sitjum ekki uppi með lambakjöt á milli sláturtíða,“ segir Svavar.

Í skýrslu Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri um markmið og forsendur sauðfjárræktarsamninganna kemur fram að einfaldar gripagreiðslur myndu líklega fjölga fé á landinu og að framleiðsla myndi aukast. Að mati LS er það órökstudd fullyrðing. „Engin haldbær rök hníga að því að þær kerfisbreytingar sem í nýja samningnum felast leiði til fjölgunar fjár. Framleiðsla á lambakjöti hefur verið frjáls og án kvóta í rúm 20 ár en fé fækkað. Ótti við offramleiðslu eða aukið beitarálag er beinlínis órökréttur og ástæðulaus miðað við efni nýja samningsins,“ segir í umsögn LS.

Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði, segir það hins vegar staðreynd að of mikið sé framleitt af lambakjöti hér á landi og að lögmál um framboð og eftirspurn sé ekki haft í huga. Bændur krefjast hærra verðs fyrir afurðir sínar en á móti kemur að neytendur eru ekki tilbúnir að greiða hærra verð fyrir það kjöt. „Við sjáum það alls staðar í kringum okkur að hvíta kjötið er að taka yfir og er íslenskur markaður engin undantekning. Bæði er ræktunin auðveldari og hraðari og við það verður til ódýrara kjöt. Að mínu viti væri hægt að framleiða mun minna af lambakjöti en nú er,“ segir Þórólfur.

sveinn@frettabladid.is



Sauðfé hefur fjölgað síðustu tíu árin, en framkvæmdastjóri Landssambands sauðfjárbænda telur að ekki sé um offjölgun að ræða. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Við sjáum það alls staðar í kringum okkur að hvíta kjötið er að taka yfir.



Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði

## Framleiðsla og neysla lambakjöts

Línuritið sýnir þróun frá árinu 1983.







Upplifun af akstrinum verður allt önnur þegar þú ert með réttu músíkina og þá skipta hljómgæðin öllu máli. Þess vegna ákvað Volkswagen að fara í samstarf við Beats by Dr. Dre™ og gera Polo sem fer lengra en nokkru sinni áður í góðum hljómburði. Hlustaðu nú vel og fáðu þér Polo!

VW Polo Beats, verð frá:
**3.390.000 kr.**

Volkswagen

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

BETRI NOTAÐIR BÍLAR

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

# BETRI NOTAÐIR BÍLAR Á BETRA VERÐI

## HÉR ERU NOKKUR DÆMI:

BNB



Toyota Rav4 GX Plus
Dísel Beinsk.
Á götuna 5.2015 Ekinn 34.500 km.
Verð 4.590.000,-
Betra verð 4.290.000,-

BNB



Toyota Prius Plug-in Hybrid
Bensín/Rafmagn Sjálfsk.
Á götuna 10.2013 Ekinn 30.500 km.
Verð 3.850.000,-
Betra verð 3.490.000,-

BNB



Toyota Land Cruiser 150 VX
Dísel Sjálfsk.
Á götuna 6.2013 Ekinn 99.000 km.
Verð 8.870.000,-
Betra verð 7.950.000,-

BNB



Toyota Avensis W/G live
Bensín Beinsk.
Á götuna 5.2015 Ekinn 34.500 km.
Verð 3.420.000,-
Betra verð 2.990.000,-

BNB



Toyota GT86 Sport
Bensín Beinsk.
Á götuna 6.2014 Ekinn 12.000 km.
Verð 5.370.000,-
Betra verð 4.190.000,-

BNB



Toyota Auris H/B live
Bensín Sjálfsk.
Á götuna 5.2015 ekinn 29.500 km.
Verð 3.150.000,-
Betra verð 2.790.000,-

BNB



Toyota Auris W/G Active
Bensín Sjalfsk.
Á götuna 2.2015 Ekinn 15.000 km.
Verð 3.650.000,-
Betra verð 3.390.000,-

UB



Lexus CT-200 H/B EXE Hybrid
Bensín/Rafmagn Sjálfsk.
Á götuna 9.2012 ekinn 35.000 km.
Verð 3.290.000,-
Betra verð 2.990.000,-

BNB



Toyota Yaris Active
Bensín Beinsk.
Á götuna 5.2015 ekinn 40.700 km.
Verð 2.390.000,-
Betra verð 2.050.000,-

BNB



Lexus RX 450h EXE Hybrid
Bensín/Rafmagn Sjálfsk.
Á götuna 9.11 Ekinn 68.000 km.
Verð 6.400.000,-
Betra verð 5.750.000,-

BNB



Lexus CT-200 H/B EXE Hybrid
Bensín/Rafmagn Sjálfsk.
Á götuna 6.2015 Ekinn 3000 km.
Verð 4.850.000,-
Betra verð 4.470.000,-

BNB



Toyota Auris H/B Live
Bensín Beinsk.
Á götuna 5.2015 Ekinn 38.000 km.
Verð 2.740.000,-
Betra verð 2.390.000,-

## BETRI NOTAÐIR BÍLAR VEITA ÞÉR HUGARRÓ

Þeir hafa staðist okkar ströngustu kröfur í 125 punkta gæðaskoðun og eru í fullri verksmiðjuábyrgð hjá Toyota eða Lexus.

Betri notaðir bílar eru á útisvæði okkar og í sýningarsal Toyota Kauptúni. Renndu við og veldu draumabílinn.

Framúrskarandi Toyota þjónusta. Örugg og áhyggjulaus bílaviðskipti

Þú getur alltaf selt okkur bílinn þinn aftur.

ergo

SÖLUMENN OKKAR TAKA VEL Á MÓTI ÞÉR OG STJANA VIÐ ÞIG

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070
www.toyotakauptuni.is

Opið mán - fös:
07.45 -18.00
Laugardaga:
12.00 - 16.00

**BNB**
**Betri notaðir bílar**

**UB**
**Umboðssölu-bílar**

# Framleiðendum mismunað í fánalögum

**Páll Kr. Pálsson, framkvæmdastjóri Glófa ehf., segir að lög um íslenska fánann valdi sér miklum vonbrigðum. Hann telur að íslenski fáninn eigi að vera á þeim vörum sem eru alfarið framleiddar hér á landi. Hann gagnrýnir iðnaðar- og viðskiptaráðherra harðlega.**

**IÐNAÐUR** Íslensk fánalög bitna illa á íslenskum fataframleiðendum sem framleiða vörur sínar alfarið hér á landi. Þetta segir Páll Kr. Pálsson, framkvæmdastjóri fataframleiðandans Glófa ehf., en fyrirtækið einsetur sér að framleiða vörur hér á landi úr íslensku hráefni. „Ég verð að viðurkenna að eins og fánalögin eru í dag valda þau mér miklum vonbrigðum,“ segir Páll sem telur lögin fyrst og fremst þjóna hagsmunum landbúnaðarins og sjávarútvegsins.

Samkvæmt fánalögunum er heimilt að nota íslenska fánann á söluvarning eða umbúðir ef starfsemin sem í hlut á er íslensk. Vara telst íslensk ef hún er framleidd hér á landi úr innlendu eða innfluttu hráefni og einnig ef hún hefur fengið nægilega aðvinnslu hérlendis. Nokkur fráviksákvæði er þó að finna í lögunum sem kveða á um að vara framleidd á Íslandi úr innfluttu hráefni teljist ekki íslensk ef einkennandi hluti hennar er eðlislíkur búvöru, vöru sem framleidd er á garðyrkjustöðvum og fiski sem veiddur er úr stofnum innan landhelginnar.

> **Lögin gera það að verkum að ég má framleiða húfur úr innfluttu flísefni og merkja þær með íslenska fánanum, en ég má ekki framleiða húfur úr innfluttri ull og merkja þær með fánanum.**
>
> Páll Kr. Pálsson, framkvæmdastjóri Glófa

Páll segir að þarna sé fyrst og fremst verið að vernda hagsmuni landbúnaðarins. „Lögin gera það að verkum að ég má framleiða húfur úr innfluttu flísefni og merkja þær með íslenska fánanum, en ég má ekki framleiða húfur úr innfluttri ull og merkja þær með fánanum,“ segir hann og bendir á að engu breyti þótt vara hafi verið unnin að drjúgum hluta hér á landi. „Sé um eðlislíkt hráefni að ræða eins og ull þá telst framleiðsluvara ekki íslensk þar sem ull er íslensk búvara.“ Að hans mati eigi íslenski fáninn að vera á þeim vörum sem alfarið eru framleiddar hér á landi.

Páll bendir á að þetta sé ólíkt þeim aðstæðum sem samkeppnisaðilar hans hér á landi búi við. Þeir geti flutt inn vörur, sem þeir hafa látið vinna utan landsteinanna úr erlendu hráefni, t.d. ull eða flísefnum, heim til Íslands til að selja.

Kaupendur þeirra, sem eru að stórum hluta erlendir ferðamenn, standa síðan í þeirri trú að þeir séu að kaupa íslenskar vörur því þær eru skreyttar með íslenskum tilvísunum. „Vörurnar er merktar með fánanum, kindum og norðurljósum og er stillt upp þannig að þær séu íslenskar,“ segir Páll sem bætir því við að ekki séu gildandi kvaðir í lögum um upprunamerkingar sem skylda framleiðendur til að upprunamerkja vörur sínar.



Páll Kr. Pálsson, framkvæmdastjóri Glófa ehf., í vinnslusal fyrirtækisins í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Páll gagnrýnir Ragnheiði Elínu Árnadóttur iðnaðar- og viðskiptaráðherra harðlega þegar kemur að upprunamerkingum.

„Mér sýnist öll sú vinna, sem fjölmargir aðilar hafa lagt í á undanförnum misserum til að reyna að láta stjórnvöld skilja mikilvægi þess fyrir íslenskan iðnað að samkeppnisvara, sem að stórum hluta er keypt af ferðamönnum vegna upprunans, skuli uppruna- og innihaldsmerkt, ekki hafa skilað neinu.“ **hlh@365.is**





## Tveir sem vekja aðdáun

cee'd og cee'd Sportswagon eru öflugir meðlimir Kia fjölskyldunnar. Sportswagon er sérlega rúmgóður og hentar því vel fyrir meiri farangur. Báðir eru þeir einstaklega sparneytnir og eyða frá 4,2 l/100 km í dísilútgáfu, hvort sem þú velur fágaða 6 gíra beinskiptingu eða 7 þrepa DCT sjálfskiptingu — sem felur í sér enn hraðari skiptingu. Þá eru þeir hlaðnir nýjustu gerð tæknibúnaðar. Öllum nýjum Kia bílum fylgir sjö ára ábyrgð.

**Kia cee'd bíður þín í Öskju. Komdu og prófaðu.**

ASKJA
**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

# Dapurlegt að höfða þurfi dómsmál

**Þingmennirnir Willum Þór Þórsson og Ögmundur Jónasson hafa báðir lagt fram frumvörp þar sem markmiðið var meðal annars að auka eftirlit með happdrætti hér á landi. Ögmundur fagnar því að einstaklingur hafi stefnt hinu opinbera vegna reksturs spilakassa.**

**ALÞINGI** Þingmenn sem Fréttablaðið heyrði í eru sammála um að skerpa þurfi á ramma um starfsemi happdrættiskassa hérlendis. Þeir eru hins vegar ekki á eitt sáttir um hvaða leið sé best í þeim efnum.

Á forsíðu Fréttablaðsins í gær var sagt frá því að Guðlaugur Jakob Karlsson hefur stefnt íslenska ríkinu og öllum þeim aðilum sem reka spilakassa í skjóli hins opinbera. Guðlaugur fer fram á að fá 77 milljónir króna í skaðabætur vegna tjóns sem hann hafi orðið fyrir. Auk þess krefst hann þess að fá endurgreiddar 24 milljónir króna en Guðlaugur hefur geymt kvittanir sem sýna að hann hafi spilað fyrir þessa upphæð í spilakössum hér á landi.

„Ég fagna því mjög að þetta mál sé farið í gang og ég tek ofan fyrir einstaklingnum sem þarna sýnir frumkvæði með því að höfða þetta mál,“ segir Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna. Hann segir það dapra staðreynd að höfða þurfi dómsmál vegna þessa en það endurspegli framtaksleysi stjórnvalda og Alþingis í þessum efnum.




Guðlaugur Jakob Karlsson hefur stefnt öllum sem reka spilakassa. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Ég tek ofan fyrir einstaklingnum sem þarna sýnir frumkvæði með því að höfða þetta mál.**



Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna

### Happdrættisstofu dagaði uppi

Ögmundur lagði fram frumvarp um breytingar á lögum um happdrætti í nóvember 2012, þegar hann gegndi embætti innanríkisráðherra. Markmið laganna var að koma á fót sérstakri stofnun, Happdrættisstofu, sem annaðist leyfisveitingar og eftirlit með starfsemi happdrættis hér á landi. Í frumvarpinu var einnig að finna bann við greiðsluþjónustu við happdrættisfyrirtæki sem ekki höfðu hlotið starfsleyfi hér á landi.

„Mér þótti mjög miður að tilraun mín til að koma þessum málaflokki í uppbyggilegri farveg hlyti ekki brautargengi í þinginu. Að höfða dómsmál er sennilega eina lausnin sem stendur og í samræmi við þá þróun sem við sjáum í öðrum löndum,“ segir Ögmundur.

### Spilahallir skapi ramma

Willum Þór Þórsson, þingmaður Framsóknarflokksins, vildi ekki tjá sig sérstaklega um dómsmálið. Að hans mati vantar almenna heildstæða löggjöf um spilastarfsemi. Til að bæta úr því lagði hann fram frumvarp um spilahallir sem nú er í meðferð þingsins. Í því felst að unnt verði að reka spilahallir hér á landi, aldurstakmark í þær verði 21 ár og komi upp grunur um spilafíkn hvíli sú skylda á spilahöllinni að tilkynna viðskiptavininum um meðferðarúrræði.

„Sem stendur eru úrræði og eftirlit með slíkri starfsemi af skornum skammti. Kjarninn með frumvarpi mínu er að heimila slíka starfsemi á grundvelli leyfisveitinga og að hafa opinbert eftirlit með spilahöllunum,“ segir Willum.

Að mati Ögmundar er frumvarp Willums „fullkomlega galin hugsun“ en þrátt fyrir það segir Willum að í því og frumvarpi Ögmundar um Happdrættisstofu sé að finna svipaðan rauðan þráð um eftirlit og leyfisskyldu tengda starfseminni. Bæði frumvörpin miði að því að takast á við þann samfélagsvanda sem spilafíkn er. johannoli@frettabladid.is




The Power to Surprise

Verð frá **2.890.777** kr.

**24.777 kr.** á mánuði*
Útborgun **1.445.000** kr.

**Kia cee'd LX** — 1,0 Kappa, bensín, 100 hö, 6 gíra, 5 dyra, beinskiptur

*Mánaðarleg afborgun miðast við 9,25% vexti og 50% bílalán til 84 mánaða. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 11,03%. Bílalánstölur eru viðmiðunarverð og geta breyst án fyrirvara.

Verð frá **3.390.777** kr.

**28.777 kr.** á mánuði*
Útborgun **1.695.000** kr.

**Kia cee'd Sportswagon** — 1,4 dísil, 90 hö, 6 gíra, 5 dyra, beinskiptur

*Mánaðarleg afborgun miðast við 9,25% vexti og 50% bílalán til 84 mánaða. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 11,03%. Bílalánstölur eru viðmiðunarverð og geta breyst án fyrirvara.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland





Unglíðahópur
Ljóssins, Krafts og SKB
18 - 30 ára
krabbameinsgreindir

Fyrsti hittingur
8. september kl. 20
Í Ljósinu - Langholtsvegi 43

Fræðsla, skemmtun
uppbyggjandi samvera.
Ótrúleg uppátæki
og skemmtilegar samverustundir
með fólki í sömu sporum.

Umsjónarmaður er
Kristján Th. Friðriksson.

Nánari upplýsingar á
www.ljosid.is
www.kraftur.org
www.skb.is

NORÐURSKAUTSRÁÐIÐ 20 ÁRA

KYNNING Á HAGSMUNAMATI ÍSLANDS
Á NORÐURSLÓÐUM




**Hagsmunamat á norðurslóðum**
**Fimmtudaginn 8. september 2016 kl. 14-16**
**Háskólanum á Akureyri, salur N102**

**Kynning á skýrslu ráðherranefndar um norðurslóðir**
Sigurður Ingi Jóhannsson, forsætisráðherra. Opnunarávarp
Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra
Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra
Ólöf Nordal, innanríkisráðherra
Lilja Alfreðsdóttir, utanríkisráðherra

Að loknum erindum taka við hringborðsumræður um tækifæri og áskoranir með þátttöku fræðimanna og aðila úr atvinnulífinu.

**Norðurskautsráðið 20 ára - árangur og áskoranir**
**Föstudaginn 9. september 2016 kl. 13-16**
**Norræna húsið, Reykjavík**

**Hringborðsumræður: Norðurskautsráðið - starfsemi og verkefni**
**Þátttakendur:** Árni Þór Sigurðsson, sendiherra norðurslóða, utanríkisráðuneytinu, Soffía Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri PAME, Halldór Björnsson, hópstjóri veðurs og loftslags, Veðurstofu Íslands, Lára Jóhannsdóttir, lektor í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands og Hulda Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Grænlensk-íslenska viðskiptaráðsins.

**Hringborðsumræður: Norðurskautsráðið í alþjóðasamhengi - leiðin framundan**
**Þátttakendur:** Lilja Alfreðsdóttir, utanríkisráðherra, Jill Esposito, staðgengill sendiherra Bandaríkjanna, Valtteri Hirvonen, sendiherra Finnlands, Mitsuko Shino, sendiherra Japans og Katrín Jakobsdóttir, alþingismaður. (Seinni hringborðsumræðurnar fara fram á ensku).

Allir velkomnir.

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ NORÐURSLÓÐANET ÍSLANDS ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN RANNSÓKNASETUR UM NORÐURSLÓÐIR HÁSKÓLI ÍSLANDS



Stefnuskrá Frelsisflokks Geerts Wilders er sögð viðbjóðsleg og hann sagður ala á ótta. Frelsisflokkurinn mælist þó með mest fylgi í Hollandi. NORDICPHOTOS/AFP

# Stefnuskráin sögð viðbjóður

**Formaður mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna gagnrýnir hinn hollenska Geert Wilders og Bandaríkjamanninn Donald Trump. Hann segir þá ala á hatri og styðjast við sömu aðferðafræði og ISIS.**

**HOLLAND** Stefnuskrá hollenska Frelsisflokksins, sem nú mælist með mest fylgi í aðdraganda þingkosninga, er viðbjóðsleg. Þetta er mat Zeid Ra'ad al-Hussein, formanns mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna.

Al-Hussein lét orðin falla á blaðamannafundi í Haag, höfuðborg Hollands, í gær. Talaði hann þar um hreyfingar þjóðernissinna, meðal annars í Hollandi, Bandaríkjunum og Bretlandi. Hann beindi spjótum sínum einkum að Geert Wilders, formanni Frelsisflokksins.

„Ég er múslimi og, rasistum til mikillar undrunar, hvítur. Móðir mín er evrópsk og faðir minn arabi. Ég er reiður. Reiður vegna lyga Wilders og hræðsluáróðurs," sagði Al-Hussein.

Þingkosningar verða í Hollandi á næsta ári og mælist Frelsisflokkur Wilders með mest fylgi, átján prósent samanborið við tíu prósent árið 2012. Wilders hefur í kosningabaráttunni lýst því yfir að hann vilji banna Kóraninn og moskur í Hollandi.

„Stefnuskrá Frelsisflokksins er viðbjóðsleg," sagði Al-Hussein og líkti Wilders við bandaríska forsetaframbjóðandann Donald Trump, ungverska forsætisráðherrann Viktor Orban, Marine Le Pen, formann frönsku Þjóðfylkingarinnar, og Nigel Farage, fyrrverandi formann Sjálfstæðisflokks Bretlands. Þá sagði hann aðferðafræði fyrrgreindra stjórnmálamanna í takt við þær aðferðir sem hryðjuverkasamtökin sem kenna sig við íslamskt ríki nota.

„Þau leitast öll við að sækja í fortíð sem er svo hrein að fólk býr á engjum sem böðuð eru í sólskini og sameinast um trú sína. Fortíð sem átti sér aldrei stað. Hvergi," sagði Al-Hussein. Hann bað fólk um að misskilja sig þó ekki. Gjörðir þjóðernissinna væru ekki þær sömu og hryðjuverkamanna. „En talsmátinn, notkun lyga og ofureinföldun eru aðferðir sem Íslamska ríkið hefur nýtt sér."

Hálft ár er nú í þingkosningar í Hollandi, þær fara fram þann 15. mars. Barist er um öll 150 þingsæti fulltrúadeildar þingsins. Ef niðurstöður verða í takt við skoðanakannanir mun flokkur Wilders fá 31 þingsæti. Það væri rúmlega tvöföldun frá því síðast var kosið, árið 2012, en þá fékk Frelsisflokkurinn fimmtán þingsæti. Stærsti flokkurinn, Frelsis- og lýðræðisflokkur forsætisráðherrans Marks Rutte, myndi hins vegar bíða afhroð og tapa sautján þingsætum. Fara úr 41 sæti niður í 24.

Á sunnudag tók Rutte í sama streng og al-Hussein gerði í gær. Sagði hann Wilders ógn við hollenskt samfélag og útilokaði ríkisstjórnarsamstarf flokkanna tveggja. „Wilders er minn helsti óvinur í stjórnmálum. Hann elur á ótta en axlar enga ábyrgð á því að takast á við vandamálin sem hann skapar með því," sagði Rutte.

**thorgnyr@frettabladid.is**

> Wilders er helsti óvinur minn í stjórnmálum.

Mark Rutte, forsætisráðherra Hollands



> Ég er múslimi og, rasistum til mikillar undrunar, hvítur.

Zeid Ra'ad al-Hussein, formaður mannréttindaráðs SÞ



**31**

þingsæti fær Frelsisflokkurinn samkvæmt skoðanakönnunum.



4 STK.
AÐ EIGIN VALI
**2.000.-**

A+

**LED-pera**
- Classic A.
- E27-perustæði. 10 W, sem samsvara 60 W.
- 600/806 lúmen, 2700 kelvin.
- Veldu deyfanlega / ekki deyfanlega.
- Líftími 25.000 klst.
- Stykkjaverð 700.-

**LED-pera**
- Classic.
- E27-perustæði. 4 W, sem samsvara 38 W.
- 420 lúmen, 2200 kelvin.
- Líftími allt að 25.000 klst.
- Stykkjaverð 700.-

**LED-pera**
- Classic. E14-perustæði.
- 4 W.
- 340 lúmen, 2200 kelvin.
- Úr möttu eða tæru gleri.
- Stykkjaverð 700.-



A+

3 Í PAKKA
**1.000.-**
~~1.495.-~~

**LED-perur**
- E27-perustæði.
- 2 W.
- 2700 kelvin.
- 350 lúmen.
- 3 í pakka.




A+

3 Í PAKKA
**1.500.-**
~~2.495.-~~

**LED-perur**
- E27-perustæði.
- 9 W.
- 806 lúmen.
- 2700 kelvin.
- Ekki hægt að deyfa.
- 3 í pakka.

**LED-perur**
- E14-perustæði.
- 5,3 W.
- 470 lúmen.
- 2700 kelvin.
- Ekki hægt að deyfa.
- 3 í pakka.

**LED-perur**
- GU10-perustæði.
- 4,8 W.
- 350 lúmen.
- 2700 kelvin.
- Ekki hægt að deyfa.
- 3 í pakka.



Tween Light
D

**Tweenlight kastari**
Kastarar úr burstuðu stáli með sex ljósum. 6 x GU10 50 W perur fylgja með.

**3.000.-**
~~4.995.-~~



**6.000.-**
~~8.995.-~~

A
nordlux

**Uno LED-veggljós**
Sniðugt LED-ljós sem hægt er að setja upp bæði inni og úti. 3. Þv. 18 cm. Fæst í hvítu, svörtu og burstuðu stáli.



2 Í PAKKA
**995.-**
~~1.495.-~~

A+
VOLTOLUX

**LED-perur**
2 í pakka. GU10-perustæði. 4 W, sem samsvara 50 W. 370 lúmen, 6400 kelvin.

# LAGERHREINSUN



**1.500.-**
~~2.995.-~~

A
VOLTOLUX

**LED-vinnuljós**
Með handfangi. Þrepalaust, stillanlegt lýsingarhorn. 60 LED-ljós fylgja. 5 m snúra.



**90.000.-**
~~169.995.-~~

C

**Baima kristalsloftljós**
15 x G4, 20 W, 12 volt.



**15.000.-**
~~25.995.-~~

**Rafmagnsofn með glerhlíf**
1000 W. Rafknúinn hitastillir með fjarstýringu. Fáanlegur á fótum eða til að festa á vegg.

Tilboðin gilda frá miðvikudeginum 7. september til og með sunnudeginum 11. september. Gilda á meðan birgðir endast.

BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

# Áskoranir í ferðaþjónustu



Hafliði Helgason
hafldi@frettabladid.is

Á opnum umræðufundi Samtaka atvinnulífsins sem haldinn verður í Hörpu í dag verður kynnt ný skýrsla efnahagssviðs samtakanna.

Fjallað er um skýrsluna í Markaðnum í dag, en augljóst er af lestri hennar að vandað hefur verið til verka við gerð hennar og ýmsum mikilvægum áskorunum og álitaefnum velt upp. Skýrslan er mikilvægt innlegg í upplýsta umræðu um ferðaþjónustuna sem verið hefur undirstaða hagvaxtar síðustu ára.

Íslendingar ættu að vera farnir að þekkja vel þau vandamál sem hraður vöxtur getur skapað. Þegar er farið að reyna á ýmsa innviði vegna fjölgunar ferðamanna og miðað við spár mun reyna enn meira á þá. Önnur hlið sem snýr að örum vexti er ágangur á viðkvæmu landi. Við höfum skyldu gagnvart komandi kynslóðum til að ganga ekki of nærri þeirri auðlind, frekar en öðrum auðlindum þjóðarinnar.

Allt kostar peninga og einhver þarf að borga. Skýrsluhöfundar leggja til að gjaldtaka verði frjáls fyrir virðisaukandi þjónustu. Þetta er megintillaga Samtaka atvinnulífsins og er rökstuðningur hennar sú að þessi leið sé til þess fallin að tryggja bæði tekjur og stjórna ágangi á viðkvæmum ferðamannastöðum. Með þessari leið yrði til hvati til markaðssóknar og uppbyggingar um leið og skapaðar yrðu tekjur fyrir þjóðarbúið.

Í skýrslunni kemur líka fram að þessi aðferð eigi ekki alls staðar við, til dæmis þar sem bolmagn sé ekki fyrir hendi. Skýrsluhöfundar nefna þann kost að til verði sameiginlegur sjóður sem fjármagnaður væri með skatttekjum eða útgáfu ferðapassa til að mæta þessum þörfum.

Víst er að ekki munu allir á eitt sáttir um þær leiðir sem skýrsluhöfundar gera að tillögu sinni. Hugmyndir um náttúrupassa náðu litlu flugi og deilur um leiðir hafa tafið nauðsynleg og fyrirsjáanleg verkefni. Tekjutap vegna þessa er verulegt og nauðsynlegt að nú setjist menn niður og komi sér niður á lausn til frambúðar. Skýrsla Samtaka atvinnulífsins er mikilvægt innlegg í það.

En það er ekki einungis ágangur og ógn við náttúruverðmæti sem er umhugsunarefni þegar litið er til vaxtar og viðgangs ferðaþjónustunnar. Ísland er aftur að verða dýrt ferðaland. Styrking gjaldmiðils, hár vextir og launahækkanir geta hæglega dregið úr eftirspurninni. Meðmæli vina og ættingja og að Ísland sé þekktur „must see“ staður eru tvö algengustu svör ferðamanna við spurningunni hvers vegna þeir komi til Íslands. Það kann að veita okkur eitthvert skjól fyrir hækkandi verðlagi frá sjónarhóli þeirra sem hafa tekjur í annarri mynt en íslensku krónunni.

Enn vitum við ekki hvar þolmörkin liggja og hver verðteygni ferðaþjónustunnar er, en við munum komast að því. Vonandi ekki of seint.

**Hugmyndir um náttúrupassa náðu litlu flugi og deilur um leiðir hafa tafið nauðsynleg og fyrirsjáanleg verkefni.**


## Sérsmíði – 30 ára reynsla



Innréttingar og afgreiðsluborð úr áli og gleri.

Smíðað eftir máli. Geri tilboð.

Upplýsingar í síma 892 8898. Netfang: foga@visir.is


## Halldór




## Frá degi til dags

**Snúin aftur**

Í gær var sagt frá því að Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir myndi leiða lista Viðreisnar í Kraganum. Með framboðinu skorar Þorgerður á hólm Bjarna Benediktsson, formann Sjálfstæðisflokksins, í sama kjördæmi. Staða Sjálfstæðisflokksins hefur hingað til verið sterk í Kraganum en Þorgerður nýtur bæði vinsælda og virðingar þar og getur höggvið stórt skarð í fylgi síns gamla flokks. Þorgerður þurfti að hætta afskiptum af stjórnmálum vegna kúlulánahneykslis eiginmanns hennar en það stefnir allt í að Viðreisn verði hennar uppreisn.

**Baktjaldavíg**

Ný forysta Framsóknar verður kosin bráðlega. Á Fundi fólksins á föstudag gaf Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðherra það út að hann færi ekki fram gegn sitjandi formanni en útilokaði þó ekki framboð. Aðspurður hvort þetta þýddi að unnið væri að því á bak við tjöldin að fá Sigmund Davíð Gunnlaugsson til að hætta sem formaður svaraði hann að Framsókn reyndi að hafa sín mál innanhúss. Nú er sem sagt unnið að því að koma Sigmundi eins mjúklega og mögulegt er í skilning um að nærveru hans í komandi kosningum sé ekki óskað. Þann plástur hefði verið þægilegra að rífa af strax í apríl.

snaeros@frettabladid.is

# Jöfnuður er auðlind



Ólína Þorvarðardóttir
alþingismaður

Krafan um jöfnuð, réttlæti og samábyrgð er ekki klisja. Þetta grunnstef jafnaðarmanna um allan heim hefur lagt grunn að öflugustu velferðarsamfélögum veraldar, eins og á Norðurlöndum.

Jafnaðarstefnan miðar að því að byggja upp samfélag af sömu umhyggju og við byggjum upp heimili. Því er ætlað að veita öryggi og vera skjól. Þess vegna hafði það ótvíræða þýðingu fyrir íslenskt samfélag að það skyldu hafa verið jafnaðarmenn sem héldu um stjórnartauma hin erfiðu ár eftir hrun. Á fyrstu fjórum árum eftir hrun náðu jafnaðarmenn á Íslandi að jafna lífskjör í landinu og leggja grunn að því góðæri sem við njótum nú. Vinstri stjórnin breytti skattkerfinu – og já, hækkaði skatta á þá hæst launuðu, en hlífði um leið láglaunahópunum og varði millitekjuhópinn. Stuðningur var aukinn við ungar barnafjölskyldur, barna- og húsaleigubætur hækkaðar og dregið úr skerðingum. Vaxtabætur voru stórhækkaðar og hundrað milljörðum varið til þeirra og barnabóta á kjörtímabilinu – meira en nokkur önnur ríkisstjórn hefur nokkru sinni látið af hendi rakna til þeirra hluta. Kaupmáttur lægstu launa var við lok kjörtímabilsins orðinn hærri en hann var í góðærinu og skattbyrðin lægri. Þegar ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur skildi við var helmingi minni ójöfnuður ráðstöfunartekna en árið 2007 þegar hann varð mestur.

Vinstri stjórninni tókst það sem engri annarri ríkisstjórn hefur tekist, sem hefur lent í kreppu: Að verja kjör hinna lægst launuðu. Samhliða því að náðist að minnka halla ríkissjóðs úr 230 milljörðum í 3,6 milljarða á fjórum árum, lækka verðbólgu úr 18% í 4,5%, minnka atvinnuleysi um helming og ... verja velferðarkerfið. Það skiptir máli hverjir stjórna.

Nei, krafan um jöfnuð er ekki klisja. Félagslegar rannsóknir hafa sýnt fram á að í samfélögum þar sem jöfnuður er í hávegum hafður er minna um öfga og glæpi. Jafnaðarstefnan vinnur gegn félagslegum vanda og andlegri vanlíðan. Hún vinnur gegn kynjamismunun og menntunarskorti. Jafnaðarstefnan stuðlar að almennri velmegun, sjálfbærni og minni sóun. Hún stuðlar að samheldni, gagnkvæmu trausti og mannvirðingu.

Þannig samfélag vil ég.

**Vinstri stjórninni tókst það sem engri annarri ríkisstjórn hefur tekist, sem hefur lent í kreppu: Að verja kjör hinna lægst launuðu.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson *tinni@365.is* HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* LÍFIÐ: Gyða Lóa Ólafsdóttir *gydaloa@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Nýir tímar?

## Í DAG



Ólafur Arnarson

Samkvæmt könnun ríkir mikil og almenn ánægja með störf nýs forseta lýðveldisins, Guðna Th. Jóhannessonar. Raunar hefur aldrei mælst viðlíka ánægja með störf forseta frá því mælingar hófust en þær ná að sönnu einungis aftur til ársins 2011. Það er einna helst meðal stuðningsmanna ríkisstjórnarflokkanna, að einhver óánægja mælist, en engu að síður er yfirgnæfandi meirihluti sjálfstæðis- og framsóknarmanna hæstánægður með forsetann.

Vinsældir forsetans eru verðskuldaðar. Hann hefur komið til dyranna eins og hann er klæddur, laus við tilgerð og tildur. Löngu var tímabært að forseti treysti sér einn og óstuddur út á flugvöll án þess að fá fylgd frá einum þriggja handhafa forsetavalds. Fólk kann að meta forseta sem er ekki með neinn nonsens.

Þá var hressandi að sjá á Twitter afsökunarbeiðni frá Guðna Th. vegna þess að hann hafði í ógáti ávarpað íslenskan landsliðsmann í körfuknattleik á ensku. Hann leit ekki út fyrir að vera úr Skagafirðinum sá en reyndist borinn og barnfæddur Íslendingur. My bad, sagði forsetinn, kemur ekki fyrir aftur, og broskarl fylgdi.

Það var gaman að Guðni Th. skyldi taka þátt í Gleðigöngunni og ávarpa samkomuna. Auðvitað erum við öll hinsegin og enginn er eins og fólk er flest því öll erum við einstök. Við erum samt ekkert betri en aðrir, hvorki sem einstaklingar né þjóð. Ég er viss um að áður en langt um líður munum við öll furða okkur á því að það hafi ekki verið fyrr en árið 2016 að forseti Íslands tók þátt í Gleðigöngunni. Það er einhvern veginn svo sjálfsagt að gleðjast saman yfir því hvað við erum ólík og sýna samstöðu með þeim sem teljast minnihlutahópar.

### Fagna kynslóðaskiptum

Það eru vissulega nýir tímar á Bessastöðum. Þar með er ekki sagt að fram til þessa hafi Bessastaðir og forsetaembættið verið læst í einhverjum miðaldabúningi. Sérhver forseti er barn síns tíma og endurspeglar gildi og viðhorf sinnar kynslóðar.

Guðni Th. Jóhannesson er fyrsti forsetinn sem fæddur er eftir seinna stríð. Hann er aldarfjórðungi yngri en sá sem gegndi embættinu á undan honum og hafði setið lengur í embætti en nokkur annar. Það væri í meira lagi undarlegt ef ekki sæjust skýr merki kynslóðaskipta á Bessastöðum nú.

Það er gleðilegt að landsmenn skuli fagna þessum kynslóðaskiptum. Kannski endurspeglar það hlutfallslega aldurssamsetningu kjósenda stjórnmálaflokkanna að óánægja með hinn unga forseta skuli vera meiri í ríkisstjórnarflokkunum tveimur en í öðrum flokkum.

### Flokkar í klemmu

Þeir flokkar sem setið hafa í ríkisstjórnum frá hruni eru í klemmu. Þrátt fyrir alls kyns mannabreytingar hafa ekki orðið raunveruleg kynslóðaskipti í stjórnmálunum, hvorki í flokkunum sjálfum né inni á Alþingi. Ríkisstjórnarflokkarnir virðast helst höfða til eldri borgara og því verður það að teljast pólitískt hugrekki, eða jafnvel fífldirfska, hjá forystumönnum þeirra að standa ekki við gefin loforð um að lagfæra skerðingar til eldri borgara og bæta kjör þeirra.

Stundum virðist manni skorta alla jarðtengingu hjá forystumönnum stjórnmálanna, alla vega þegar þeir sitja í ríkisstjórn. Ráðherrar síðustu ríkisstjórnar áttuðu sig á því að þeir hefðu átt að gera meira fyrir fólkið og heimilin en aðeins eftir að flokkar þeirra höfðu beðið mesta ósigur í kosningum, sem dæmi eru um á Íslandi og jafnvel víðar.

Ráðherrar sitjandi ríkisstjórnar virðast lítið hafa lært af ógöngum forvera sinna. Menntamálaráðherra, sem hrekst nú út úr pólitík, leggur ofurkapp á að umbylta og markaðsvæða námslánakerfi þjóðarinnar og gera langskólanám að forréttindum hinna efna- og tekjumeiri. Kannski félagar hans, sem óska eftir endurkjöri, borgi þann pólitíska reikning sem óhæfuverkið skilur eftir sig.

Þjóðin treystir forsetanum nýja en ekki stjórnmálamönnum og skyldi engan undra. Allt er við það sama á Alþingi á meðan raunveruleg kynslóðaskipti hafa orðið á Bessastöðum. Það ætti að vera umhugsunarefni fyrir stjórnmálaleiðtoga í kosningaham.

# Kaupmáttur og aldraðir



Sveinn Óskar Sigurðsson
frambjóðandi í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi og sækist eftir 3.–4. sæti.

**Við eigum þó eftir eitt mikilvægt mál. Við eigum eftir að leiðrétta kjör aldraðra á Íslandi.**

Kaupmáttur á Íslandi hefur vaxið umtalsvert að undanförnu. Skiptir litlu hvort litið er til vísitölu þeirrar sem Verzlunarmannafélag Reykjavíkur tekur saman eða þeirrar sem Hagstofa Íslands tekur saman. Kaupmáttur vex og það sem aldrei fyrr. Því ber að fagna. En er þetta nóg?

Við eigum þó eftir eitt mikilvægt mál. Við eigum eftir að leiðrétta kjör aldraðra á Íslandi. Margir aldraðir hafa það bærilegt en það eru hópar sem sjá ekki fram á að viðamikið lífeyriskerfi nái tryggja góð lífsskilyrði þeirra.

Það vekur sérstaka undrun að falli heilsuhraustur einstaklingur undir skilgreiningar Tryggingastofnunar og hefur borgað lon og don í lífeyrissjóð sinn alla sína hunds- og kattartíð má ætla að hann fái ekki meira en sem nemur 207 þúsund krónum í ráðstöfunartekjur á mánuði. Taki þessi eldri borgari upp á því að vinna eilítið, þar sem hann er heilsuhraustur og vill vera í félagsskap með öðru fólki úti í atvinnulífinu, og fær fyrir það um kr. 100 þúsund á mánuði byrjar skerðing að bíta. Þessar 207 þúsundir hækka upp í aðeins um 246 þúsund að meðaltali yfir 12 mánaða tímabil. Þessi aukavinna skilar því aðeins um 39 þúsund krónum í ráðstöfunartekjur eftir að einstaklingurinn hefur unnið fyrir 100 þúsund krónum. Þarna rýrna réttindi hans umtalsvert. Framfærsluuppbótin fellur niður og fullir skattar koma til. Hvatinn til að vinna er því enginn.

Hafi annar einstaklingur sömu forsendur og framangreindur aðili, en í stað þess að vinna á hann kost á leigutekjum af húsnæði því sem hann hefur byggt upp og sparað með elju og dugnaði og hefur 100 þúsund krónur í tekjur af þessu húsnæði, verður refsing hans öllu meiri og fara tekjur hans þá úr 207 þúsundum upp í aðeins 230 þúsund. Svo hressilega er bitið af þeim sem leggja til hliðar og spara í húsnæði að 100 þúsund þessa einstaklings verða að 23 þúsundum með tilsvarandi fjárhagslegum og þannig félagslegum refsingum Tryggingastofnunar.

Í kerfinu er því hvati til að spara ekkert, eiga ekkert og leggja ekkert fyrir til mögru áranna. Er það hagkvæmt fyrir land og þjóð? Lagaumgjörðin öll um ellilífeyri, örorkubætur og Tryggingastofnun sjálfa er komin á tíma.



FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT

## U-21 lið Íslands heldur í góða von þrátt fyrir tap fyrir Frakklandi



**Hart barist í Caen** Elías Már Ómarsson, leikmaður U-21 liðs Íslands, í harðri baráttu í Caen í gær þar sem Frakkar höfðu betur, 2-0, í leik liðanna í undankeppni EM 2017. Þrátt fyrir tapið á Ísland enn góða von um að komast í lokakeppnina sem fer fram í Póllandi næsta sumar. MYND/HILMAR ÞÓR

# Mikil og góð spenna í hópnum

**Ísland á fimm fulltrúa á Ólympíumóti fatlaðra sem verður sett við hátíðlega athöfn á Maracana-vellinum í Ríó í kvöld. Sundmaðurinn Jón Margeir Sverrisson á titil að verja og þá ætlar Helgi Sveinsson sér stóra hluti.**

**ÍÞRÓTTIR FATLAÐRA** Íslensku keppendurnir komu til Brasilíu á fimmtudaginn í síðustu viku og að sögn Jóns Björns Ólafssonar, aðalfararstjóra íslenska hópsins, hafa æfingar gengið vel.

„Þetta er allt að bresta á. Það hefur gengið rosalega vel að koma sér fyrir og æfa. Það er komin virkilega mikil og góð spenna í hópinn að sýna sig og sanna,“ sagði Jón Björn í samtali við Fréttablaðið í gær.

Helgi Sveinsson ríður á vaðið á föstudaginn þegar hann keppir í spjótkasti, flokki F42-44. Helgi hefur ekki farið leynt með markmið sitt um að ná í gull en hann hefur náð framúrskarandi árangri í greininni á undanförnum árum. Keppnin er þó hörð í flokknum hans Helga.

„Hann er á leið í rosalega keppni. Forsmekkurinn að þessu keppnisfyrirkomulagi hjá honum var á HM í Doha í fyrra. Það var bráðskemmtileg og öflug keppni,“ sagði Jón Björn en Helgi endaði í 3. sæti á því móti.

Sundmaðurinn Jón Margeir Sverrisson, sem verður fánaberi Íslands á opnunarhátíðinni í kvöld, á titil að verja í 200 metra skriðsundi, flokki S14. Hann keppir einnig í 100 metra bringusundi og 200 metra fjórsundi.

„Hann er kominn með nokkra sterka keppinauta,“ sagði Jón Björn um möguleika nafna síns. „Þeirra á meðal er strákurinn sem hann tapaði fyrir á EM í sumar, Thomas Hamer. Svo er Ástralinn og vinur hans Jóns, Daniel Fox, einnig þarna. Við erum að horfa á mjög sterkt sund, ekki ósvipað og í flokki Helga.

Auk Jóns Margeirs á Ísland tvær sundkonur á Ólympíumóti fatlaðra í ár, Thelmu Björg Björnsdóttur og Sonju Sigurðardóttur.

„Báðar gera þær atlögu að því að komast í úrslit þótt það séu gríðarlega sterkir einstaklingar í þeirra flokkum. Ef þær synda sig inn í úrslit í einhverjum af sínum greinum, þá er það frábær árangur,“ sagði Jón Björn.

Þá á Ísland í fyrsta skipti keppanda í bogfimi. Sá heitir Þorsteinn og er Halldórsson. En við hverju má búast í bogfiminni?

„Það ræðst svolítið af forkeppninni, þar sem skotið er til stiga og raðað inn í útsláttarkeppnina. Þegar þangað er komið er þetta eins og bikarkeppni og þar er oft pláss fyrir ævintýrasögur,“ sagði Jón Björn að endingu. **ingvithor@365.is**

### Dagskrá íslensku keppendanna

**9. SEPTEMBER**
17:45 Helgi Sveinsson, spjótkast F42-44

**10. SEPTEMBER**
09:52 Thelma Björg Björnsdóttir, 50 m skriðsund S6
15:00 Þorsteinn Halldórsson, bogfimi

**11. SEPTEMBER**
09:39 Thelma Björg, 100 m bringusund SB5
10:34 Jón Margeir Sverrisson, 200 metra skriðsund S14

**12. SEPTEMBER**
11:21 Thelma Björg, 200 m fjórsund S6

**13. SEPTEMBER**
09:46 Thelma Björg, 400 m skriðsund S6

**14. SEPTEMBER**
09:00 Þorsteinn, bogfimi
10:17 Jón Margeir, 100 m bringusund S14

**16. SEPTEMBER**
10:19 Sonja Sigurðardóttir, 50 m baksund S4

**17. SEPTEMBER**
09:37 Thelma Björg, 100 m skriðsund S6
10:24 Sonja, 50 m skriðsund S4
11:06 Jón Margeir, 200 m fjórsund S14




## Nýjast

**Undankeppni EM U-21 2017**

**Frakkland - Ísland 2-0**
1-0 Corentin Tolisso (11.), 2-0 Corentin Tolisso (62.).

Íslenska liðið sá aldrei til sólar í leiknum gegn Frökkum og var heppið að tapa ekki stærra. Liðið féll niður í þriðja sæti riðilsins en á leik til góða á toppliðin og kemst áfram í lokakeppnina með því að vinna síðustu tvo leiki sína.

**Makedónía - N-Írland 2-0**
1-0 Josh Doherty - sjálfsmark (36), 2-0 Kire Markoski (85.).

**Úkraína - Skotland 4-0**
1-0 Andriy Bliznichenko (25.), 2-0 Artem Besyedin (69.), 3-0 Artem Besyedin (77.), 4-0 Andriy Boryachuk - víti (92.).

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Makedónía | 18 | Úkraína | 10 |
| Frakkland | 17 | Skotland | 8 |
| Ísland | 15 | N-Írland | 1 |

**Pepsi-deild kvenna**

**Þór/KA - Valur 4-0**
1-0 Anna Rakel Pétursdóttir (10.), 2-0 Sandra Stephany Mayor Gutierrez (23.), 3-0 Anna Rakel Pétursdóttir (56.), 4-0 Sandra María Jessen (87.).

**KR - Fylkir 3-1**
1-0 Anna Birna Þorvarðardóttir - víti (36.), 2-0 Jordan O'Brien (63.), 3-0 Jordan O'Brien (82.), 3-1 Kristín Erna Sigurlásdóttir (84.).

**ÍA - Stjarnan 1-3**
1-0 Megan Dunningan (21.), 1-1 Harpa Þorsteinsdóttir (47.), 1-2 Katrín Ásbjörnsdóttir (65.), 1-3 Harpa Þorsteinsdóttir (90.).

**FH - Selfoss 1-1**
1-0 Melkorka Katrín Pétursdóttir (71.), 1-1 Magdalena Anna Reimus (83,.).

Stjarnan vann góðan útisigur gegn ÍA á Skaganum eftir að hafa lent 1-0 undir og er nú með fimm stiga forskot á Breiðablik, en Blikar eiga þó leik til góða. Selfoss er komið í fallsæti eftir jafntefli við FH í Kaplakrika, en á sama tíma vann KR 3-1 sigur á Fylki. Æsispennandi fallbarátta framundan í Pepsi-deild kvenna.

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Stjarnan | 34 | Fylkir | 13 |
| Breiðablik | 32 | FH | 13 |
| Valur | 30 | Selfoss | 10 |
| Þór/KA | 25 | KR | 9 |
| ÍBV | 24 | ÍA | 8 |

**ÁRLEG SPÁ BIRT**
Haukar verða Íslandsmeistarar karla í handbolta og Stjarnan í kvennaflokki, ef marka má spá sem birt var á kynningarfundi Olísdeildanna í gær. Nýtt keppnistímabil hefst á fimmtudagskvöld.

**BREIÐABLIK - ÍBV FRESTAÐ**
Fresta varð leik Breiðabliks og ÍBV í gær vegna samgönguturflana frá Vestmannaeyjum. Leikurinn fer fram klukkan 17.30 og verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. Vegna þessa færast Pepsimörk kvenna aftur um dag og eru nú á dagskrá Stöðvar 2 Sports annað kvöld.



## Í dag

**Pepsi-deild kvenna**
17.30 **Breiðablik - ÍBV** Kópavogsv.






# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 7. september 2016 | 34. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL




## Skilaði íslenskum fjárfestum miklum arði

Gengið var frá sölu Invent Farma í lok síðasta mánaðar. Gríðarleg verðmætaaukning átti sér stað hjá fyrirtækinu á síðustu ellefu árum og var veltan orðin 12,9 milljarðar á ári.

»6




»2
**SA vill gjaldtöku**
Í nýrri greiningu efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins er gjaldtaka lögð til á vinsælum ferðamannastöðum.

»4
**Tillögur að skattabreytingum**
Verkefnisstjórn vill lækka fyrsta skattþrepið verulega.

»7
**Óvinsælir símar**
Snjallsímasala vex minna en áður.

»8
**Í íþróttum frá æsku**
Björn Þór Hermannsson er nýr skrifstofustjóri skrifstofu opinberra fjármála í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

»12
**Komið með gjaldmiðlastríðið!**
„Gjaldmiðlafriður“ virðist ríkja milli stærstu peningastórvelda heimsins.








Sjóvá hækkaði mest allra félaga í Kauphöll Íslands í gær eftir að verðmatsskýrsla Capacent kom út.

## Verðsveiflur á markaði vegna greiningarskýrslu

Hlutabréf í Sjóvá hækkuðu mest allra hlutabréfa í Kauphöll Íslands í gær. Bréf félagsins hækkuðu um rúm fjögur prósent. Bréf Tryggingamiðstöðvarinnar hækkuðu um eitt prósent, en bréf VÍS lækkuðu um ríflega eitt prósent.

Þessar verðbreytingar eru raktar til þess að greiningardeild Capacent sendi verðmatsskýrslu um tryggingafélögin til viðskiptavina sinna í gær. Capacent hefur áður í skýrslum sínum talið Sjóvá vanmetið á markaði og heldur sig við fyrra verðmatsgengi og telur uppgjör félagsins hafa verið í samræmi við væntingar. Samkvæmt verðmatinu er félagið metið á 25,5 milljarða eða um þriðjung yfir markaðsvirði.

Verðmat Capacent á Tryggingamiðstöðinni er 21,1 milljarður króna og er það 14% yfir markaðsvirði. Verðmat Capacent nú er 6% yfir fyrra verðmati á félaginu í maí og segja greinendur Capacent uppgjör félagsins hafa verið yfir væntingum.

Capacent metur VÍS undir núverandi markaðsvirði og segir síðasta uppgjör undir væntingum sínum. Mat Capacent er að virði félagsins sé 18,5 milljarðar króna sem er sex prósentum undir markaðsvirði.

Afkoma af tryggingastarfsemi félaganna er lítil hjá TM, en tap er á þeim hluta starfseminnar hjá hinum tveimur. **– hh**




Í ágúst flutti félagið 484 þúsund farþega í millilandaflugi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Tæplega fimmtungi fleiri farþegar

Í ágúst flutti Icelandair Group 484 þúsund farþega í millilandaflugi og voru þeir 17 prósentum fleiri en í ágúst í fyrra. Sætanýtingin var 87,5 prósent samanborið við 89,1 prósent í ágúst í fyrra. Framboðsaukning á milli ára nam 22 prósentum, segir í tilkynningu.

Farþegar í innanlandsflugi og Grænlandsflugi voru 36 þúsund í ágúst. Framboð félagsins jókst um 17 prósent samanborið við 2015. Sætanýting nam 71,4 prósentum og lækkaði um 6,3 prósentustig á milli ára. Skýrist það af minni eftirspurn eftir flugi til Grænlands en ráðgert var.

Seldir blokktímar í leiguflugi voru 9 prósent færri en á síðasta ári. Fraktflutningar jukust um 5 prósent frá því á síðasta ári. Seldum gistinóttum á hótelum félagsins fjölgaði um 11 prósent á milli ára. Herbergjanýting var 90,3 prósent samanborið við 88,8 prósent í ágúst í fyrra. **– sg**

# Þarf að takmarka ágang og tryggja gæði

**Efnahagssvið Samtaka atvinnulífsins leggur til frjálsa gjaldtöku á ferðamannastöðum til að hámarka arð af auðlindum og stýra ágangi á þær. Gjaldtaka er betri lausn en náttúrupassi eða komugjald að mati SA.**

Áskoranir eru fram undan í ferðaþjónustu á Íslandi þar sem náttúran er takmörkuð auðlind og ekkert bendir til þess að vöxtur í ferðaþjónustu muni dragast saman á komandi árum. Því þarf að finna leið til að bæði hámarka arð af auðlindum og stýra ágangi á þær. Sé ekkert gert verður stöðnun eða hnignun í fjölgun ferðamanna. Þetta er mat efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins.

Ný greining sviðsins, Komið þið fagnandi Ferðaþjónusta á Íslandi: Uppgangur og áskoranir, verður kynnt á opnum umræðufundi Samtaka atvinnulífsins í dag. Í greiningunni er lagt til að gjaldtaka verði frjáls fyrir virðisaukandi þjónustu.

„Þetta er hagkvæmasta leiðin bæði til þess að þeir greiði sem njóta og greiði fyrir uppbyggingu staðanna sem þeir eru að njóta, og eins er þetta náttúruvernd að geta stýrt aðgangi á þá,“ segir Óttar Snædal, einn höfunda greiningarinnar.

„Það er gott að bregðast við áður en í óefni stefnir. Upplifun ferðamanna á Íslandi er ennþá mjög góð og þeir fara mjög sáttir frá landinu. En engu að síður þá er einhver hluti ferðamanna sem finnst of troðið á ferðamannastöðum. Það gefur augaleið að ef þessi fjölgun heldur áfram þá þarf að bregðast við, bæði til að tryggja góða upplifun ferðamanna og til að vernda þessar náttúruperlur,“ segir Óttar.

Í greiningunni eru færð rök fyrir því að gjaldtaka sé eina lausnin sem uppfyllir bæði skilyrði um tekjur og fjöldatakmörkun. Komugjald og gistináttagjald myndu afla ríkissjóði tekna, en myndu engin áhrif hafa á aðsókn á ferðamannastaði. Náttúrupassi myndi einnig afla tekna en ekki stýra ágangi á landsvæði. Tilkoma hans myndi ekki stýra flæði ferðamanna frá stöðum sem væru undir of miklu álagi.

Í greiningunni segir að möguleiki til gjaldtöku hvetji til markaðssóknar, uppbyggingar og skapi um leið tekjur fyrir þjóðarbúið þegar ferðamenn sem njóta landsins greiða fyrir það.

Að mati efnahagssviðsins lítur ferðaþjónusta á Íslandi vel út en glímir við vaxtarverki. Frjáls gjaldtaka væri liður í að takmarka aðgengi og skila tekjum til landeigenda, sem og að tryggja upplifun ferðamanna. Aðrir kostir eru sameiginlegur sjóður fyrir staði sem henta illa til gjaldtöku.

**saeunn@frettabladid.is**



Tveir af hverjum þremur erlendum ferðamönnum sem komu til Íslands sumarið 2014 skoðuðu náttúruperlurnar Gullfoss og Geysi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Það er gott að bregðast við áður en í óefni stefnir. Ef þessi fjölgun heldur áfram þá þarf að bregðast við, bæði til að tryggja góða upplifun ferðamanna og til að vernda þessar náttúruperlur.**



Óttar Snædal, hagfræðingur á efnahagssviði Samtaka atvinnulífsins

## Vikan sem leið

**3**
**milljónir**

flugsæta verða í boði til og frá Keflavíkurflugvelli komandi vetur sem er 60% fjölgun frá fyrra ári. Farþegum mun bjóðast beint flug til 57 áfangastaða með 14 flugfélögum. Gangi spár eftir gert ráð fyrir 63% fjölgun ferðamanna í janúar á næsta ári.

**3,6**
**milljarðar**

er verðmæti hvalaafurða í frystigeymslum Hvals hf. Óseldar birgðir fyrirtækisins voru að verðmæti 1,8 milljarðar króna fyrir tveimur árum en eru tvöfalt meiri nú. Helsti markaður fyrir hvalaafurðir er Japan, en treglega hefur gengið að koma hvalkjötinu á markað þar.

**2**
**þrep**

var hækkun Moody's á lánshæfi íslenska ríkisins, úr Baa2 í A3. Ísland er því komið í A-flokk í fyrsta skipti frá falli fjármálakerfisins. Hækkun lánshæfismatsins hefur áhrif á vaxtakjör Íslendinga á erlendum mörkuðum. Í kjölfar hækkunar á lánshæfi íslenska ríkisins hækkaði lánshæfismat íslenskra orkufyrirtækja.





ÍSLENSKA SIA.IS ICE 78271 01/2016

ER ÞITT FYRIRTÆKI Á FLUGI?

Regluleg ferðalög á vegum fyrirtækisins eru oft nauðsynleg. Það getur því borgað sig að gera fyrirtækjasamning við Icelandair.

ICELANDAIR






# Slakaðu á

## Láttu okkur sjá um prentreksturinn

HP PageWide Pro

### Prentrekstrarlausnir fyrir bæði stór og smá fyrirtæki

Opin kerfi getur séð um allan rekstur prentumhverfisins sem inniheldur m.a. HP PageWide Pro prentara, rekstrarvöru og alla þjónustu ásamt vöktun sem tryggir að pappír og blek er sent þegar lágmarksstöðu er náð. Fyrir þessa þjónustu og alla rekstrarvöru er greitt fast blaðsíðuverð* á samningstímanum.

### Ný PageWide prenttækni frá HP tryggir:

- Hraðvirkari útprentun, allt að 70 bls. á mínútu.
- Ódýrari rekstur, minni bilanatíðni.
- Öruggari prentun með HP JetAdvantage.
- Umhverfisvænni prentun með betri nýtingu.
- Auðveldari áætlunargerð og kostnaðareftirlit.

**Allar nánari upplýsingar á www.ok.is/prentrekstur**

*Blaðsíðuverð fer eftir samsetningu samnings og tekur breytingum eftir lengd samnings og hvaða búnað hann inniheldur.

Opin Kerfi
– allt er mögulegt

Opin Kerfi // Höfðabakka 9 // 110 Reykjavík // 570 1000 // ok.is


Helstu kennileiti Lundúna má finna í Legolandi, skemmtigarði Lego í dönsku borginni Billund. NORDICPHOTOS/GETTY

## Sala Legokubba eykst en hagnaður ekki

Danski leikfangaframleiðandinn Lego seldi ellefu prósent fleiri Legokubba á fyrri helmingi þessa árs en á sama tímabili árið 2015. Velta fyrirtækisins á sama tímabili var nærri sextán milljarðar danskra króna, andvirði 272 milljarða íslenskra króna.

Sala kubbanna jókst mest í Evrópu og Asíu. Hún hélst þó sú sama og hún var í fyrra bæði í Norður- og Suður-Ameríku.

Þrátt fyrir aukninguna dróst hagnaður saman. Hagnaður fyrri hluta þessa árs var um 3,5 milljarðar danskra króna, andvirði sextíu milljarða íslenskra króna, samanborið við um 3,6 milljarða danskra króna fyrri hluta ársins 2015.

Vöxtur fyrirtækisins var mikill á fyrri hluta ársins. Verksmiðjur voru opnaðar bæði í kínversku borginni Jiaxing og Monterrey í Mexíkó. Þá voru 3.500 nýir starfsmenn ráðnir, jafn margir og á öllu síðasta ári, og vinna nú um 18.500 hjá fyrirtækinu á heimsvísu.

Í tilkynningu fyrirtækisins í gær sagði framkvæmdastjóri Lego, Jorgen Vig Knudstorp, að það að viðhalda slíkum vexti ár eftir ár í meira en áratug bæri vitni um alla þá möguleika sem börn finna í því að leika sér með Legokubba. Einnig væri erfiðisvinna rúmlega átján þúsund starfsmanna lykilþáttur. – þea

**272**
**milljörðum íslenskra króna nam velta Lego á fyrri hluta þessa árs.**

**60**
**milljarða íslenskra króna hagnaður var hjá Lego á fyrri hluta ársins.**



Megináhersla verkefnisstjórnarinnar var að koma með tillögur sem miða að því að skattkerfið afli nægilegra tekna fyrir samneyslu, sé einfalt, gagnsætt og skilvirkt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Leggja til verulegar breytingar

**Verkefnisstjórn um breytingar og umbætur á skattkerfinu hefur skilað af sér skýrslu þar sem lagt er til að lækka fyrsta skattþrepið verulega. Einnig er lagt til að fella niður vaxtabótakerfið í núverandi mynd og láta persónuafslátt byrja í núlli. Tillögurnar eiga að miða að því að gera skattkerfið einfaldara og gagnsærra.**

Sjálfstæð verkefnisstjórn um breytingar og umbætur á skattkerfinu leggur meðal annars til að samsköttun hjóna verði hætt og að það verði tvö skattþrep, 25 og 43 prósent.

Um er að ræða 27 tillögur sem snúa að breytingum á skattkerfinu í heild sinni. Meginháhersla verkefnisstjórnarinnar var að koma með tillögur sem miða að því að skattkerfið afli nægjanlegra tekna fyrir samneyslu, sé einfalt, gagnsætt og skilvirkt. Enn fremur að það sé fyrirsjáanlegt, stöðugt, samkeppnishæft og styðji við hagstjórn landsins.

Að mati dr. Daða Más Kristóferssonar, formanns verkefnisstjórnarinnar, eru helstu breytingarnar að hætt verði samsköttun, breytingar á eftirliti og framkvæmd skattheimtu og að fyrsta skattþrepið lækki verulega.

„Ég held að margar af litlu tillögunum í umbótakaflanum hvað varðar eftirlit og framkvæmd skattheimtu séu ekki minna merkilegar en aðrar tillögur. Það yrði svo mikil grundvallarbreyting ef samsköttun yrði hætt. Það hafa margir talað fyrir því og lengi. Þetta fyrirkomulag sem við erum með er frekar gamaldags. Höfuð fjölskyldunnar, sá eldri, er alltaf sá eini sem er í samskiptum við skattayfirvöld og ábyrgð á skattskilum maka er ótakmörkuð. Sú tillaga að leggja þetta fyrirkomulag af hefur áhrif á hvernig barnabætur dreifast og hvernig þær eru skipulagðar,“ segir Daði.

> **Það yrði svo mikil grundvallarbreyting ef samsköttun yrði hætt. Það hafa margir talað fyrir því og lengi. Þetta fyrirkomulag sem við erum með er frekar gamaldags.**
>
> Daði Már Kristófersso
> efnisstjórnar



**25%**
**yrði lægsta skattþrepið.**

Verkefnisstjórnin leggur til að fella niður vaxtabótakerfið í núverandi mynd og láta persónuafslátt byrja í núlli og hækka krónu fyrir krónu að 970 þúsundum. Daði bendir á að unnið sé í átt að hugmynd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að breyttu skattkerfi, þar sem dregið sé úr vægi persónuafsláttarins og fyrsta skattþrepið lækkað verulega.

„Það eru aðrar mikilvægar tillögur, einföldun virðisaukaskattskerfisins, tillögur um þunna eiginfjármögnun sem Ísland þarf að taka á,“ segir Daði.

Í tillögunum eru margar hugmyndir sem snúa að því að auka tekjur af auðlindum, sér í lagi í ferðaþjónustu. Þar má nefna að leggja á bílastæðagjöld á fleiri stöðum og hækka gistináttaskatt.

„Okkar hlutverk var ekki að fjalla um í hvað tekjurnar fara eða hversu mikilla tekna á að afla heldur hvernig besta leiðin til að afla tekna sé. Mörg af nágrannalöndunum hafa farið í gegnum sambærilegar úttektir. Umhverfis- og auðlindagjöld eru hagkvæmari leið til að afla tekna en almennir skattar,“ segir Daði.

„Við erum með fimm tillögur sem snúa að því, tvær tillögur að gjaldtöku á ferðaþjónustu, veiðigjaldatillögu, orkuskattatillögu og skattlagningu á mengandi starfsemi (kolefnisgjaldstillögu).“

Verkefnisstjórnin hóf störf í febrúar, og var skipuð sex sérfræðingum í skattamálum. Ásamt Daða, prófessor í hagfræði og forseta Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands, er hún skipuð þeim Völu Valtýsdóttur lögfræðingi, dr. Axel Hall hagfræðingi, Halldóri Benjamín Þorbergssyni hagfræðingi, Elínu Elmu Arthursdóttur frá ríkisskattstjóra og Alexander Edvardssyni, löggiltum endurskoðanda. Verkefnisstjórnin hefur þegar kynnt tillögur sínar fyrir Samráðsvettvangi um aukna hagsæld. Tillögurnar verða svo kynntar fyrir stjórnvöldum og verða til umræðu.

saeunn@frettabladid.is




## Eigendur eigi að taka virkari þátt

„Eigendur eiga að koma að borðinu. Við förum ekki inn í fyrirtæki með peninga og segjum bara „good luck“. Lífeyrissjóðir eiga að fylgja eftir sínum fjárfestingum enda eru þeir að höndla með fjármuni fólks.“

Þetta sagði Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins og Lífeyrissjóðs verslunarmanna, á Strategíudeginum sem haldinn var í Hörpu í gær.

Umræðuefnið var „Hver má vita hvað?“ þar sem samskipti stjórnar fyrirtækis, eigenda og starfsmanna voru meðal annars rædd. Guðrún sagði mikilvægt að verklagsreglur í samskiptum stjórnar og stjórnenda væru skýrar, en að þó þurfi eigendur að fá að taka virkan þátt í stefnumótun og framtíðarsýn.

„Við stöndum á tímamótum. Efnahagshrunið árið 2008 gaf okkur tækifæri til þess að endurmeta stöðuna og gera betur,“ sagði Guðrún.

Á fundinum kom jafnframt fram að hlutverk stjórnarformanna fyrirtækja væri tekið að breytast og að þeir væru farnir að taka virkari þátt í rekstri fyrirtækja. „Stjórnarformenn eru orðnir virkari og það hlýtur að kalla á nýja mótun. Það þarf að setja strik í sandinn og endurhugsa þetta,“ sagði Guðrún.

Þegar upplýsingaflæði milli forstjóra og stjórnar kom til tals voru flestir sammála því að það þurfi að vera gott. Hins vegar komi það fyrir að stjórnendur séu nánast kaffærðir í beiðnum um ýmiss konar gögn og upplýsingar, og að oftar en ekki séu það upplýsingar sem eigi ekki að skipta máli fyrir hlutverk stjórnar.

Jakob Sigurðsson, forstjóri VÍS, sagði meðal annars að frekar ættu stjórnendur að nýta krafta sína í rekstur fyrirtækis og að skila góðri afkomu. „Það má ekki drekkja fyrirtækinu í regluverki og endalausri upplýsingaskyldu,“ sagði hann.

Ragna Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar, sagðist sammála því að skýra þyrfti línurnar. „Það þarf að skýra hvaða hlutverki hver og einn gegnir. Það þarf að brúa bilið og gera stjórnendum kleift að sinna sínu hlutverki. Stjórnarhættir mega ekki vera eins og múrsteinar sem draga okkur niður á hafsbotn. Þeir mega ekki verða okkur fjötur um fót.“ – sks


Guðrún Hafsteinsdóttir er formaður Samtaka iðnaðarins og Lífeyrissjóðs verslunarmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

16-2388 HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# Haustráðstefna Advania 2016

## Ómissandi viðburður fyrir áhugafólk um upplýsingatækni

- Fyrirlesarar á heimsmælikvarða
- Aukin viðskiptatengsl
- Nýjustu upplýsingatæknilausnirnar
- Glæsilegt lokahóf




**Síðustu þrjú ár hefur verið uppselt á ráðstefnuna — Tryggðu þér miða í dag!**

Harpa – föstudaginn 9. september
Dagskrá og skráning á **advania.is**

advania
Welcome to IT



Friðrik Steinar Kristjánsson stofnaði Invent Farma árið 2004, en hefur verið í lyfjageiranum í þrjá áratugi og stofnaði Omega Farma árið 1990. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Gríðarleg verðmætaaukning frá 2013

**Í lok ágúst var gengið frá sölu á Invent Farma og var hlutafé fyrirtækisins metið á 30 milljarða króna samkvæmt heimildum Markaðarins. Friðrik Steinar Kristjánsson, stofnandi fyrirtækisins, ákvað að stofna lyfjafyrirtæki á Spáni þar sem mikil vaxtartækifæri væru í samheitalyfjageiranum þar. Hann segir mikla verðmætaaukningu hafa orðið á ellefu árum. Veltan nemur nú 12,9 milljörðum.**

Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is



Það hefur orðið mikil verðmætaaukning á þessum 11 árum og fjárfestar eru mjög ánægðir með söluna," segir Friðrik Steinn Kristjánsson, stofnandi lyfjafyrirtækisins Invent Farma.

Í lok ágústmánaðar var gengið frá kaupum alþjóðlega ráðgjafarfyrirtækisins Apax Partners á Invent Farma og var hlutafé fyrirtækisins metið á um 215 milljónir evra, eða 30 milljarða króna, samkvæmt heimildum Markaðarins. Stærðargráða fyrirtækisins er svipuð og Símans og aðeins stærri en N1.

Friðrik stofnaði Invent Farma árið 2004. Stærstu hluthafar fyrirtækisins við sölu voru Framtakssjóður Íslands sem átti 38 prósenta hlut, Silfurberg, í eigu Friðriks, sem átti 27 prósent og fjárfestingarsjóðurinn Horn II sem átti ásamt meðfjárfestum 16,8 prósenta hlut.

Á tæpum þremur árum frá því að Framtakssjóður og Horn komu inn haustið 2013 hefur orðið gríðarleg verðmætaaukning. Friðrik segir það skýrast af fjórum þáttum. „Í fyrsta lagi bauðst okkur árið 2014 að kaupa á mjög hagkvæmu verði allt húsnæði og land sem áður var leigt. Þar með spöruðust há leigugjöld. Í öðru lagi voru lán sem tekin voru upphaflega hjá íslenskum banka greidd upp að fullu en samhliða var tekið nýtt lán á Spáni á hagstæðari kjörum," segir Friðrik. „Í þriðja lagi fór Qualigen sem við stofnuðum árið 2007 að skila mjög góðri afkomu. Í fjórða lagi fór efnahagslíf á Spáni batnandi á síðustu árum og verðmat lyfjafyrirtækja almennt hækkandi."

Það má því segja að Invent Farma sé dæmi um íslenska fjárfestingu, sem farið var í á útrásartímabili íslenskra fjárfesta og stóð af sér efnahagshrunið árið 2008 og hefur skilað íslenskum fjárfestum góðri arðsemi.

### 26 ár í lyfjaframleiðslu

Friðrik Steinn hefur alla tíð starfað í lyfjageiranum. Hann útskrifaðist sem lyfjafræðingur frá Kaupmannahafnarháskóla árið 1985 og stofnaði árið 1990 lyfjaframleiðslufyrirtækið Omega Farma og varð framkvæmdastjóri félagsins. Hann leiddi það allt til ársins 2002 þegar það sameinaðist Delta sem seinna varð að Actavis.

### Mikil vaxtartækifæri á Spáni

„Eftir að við seldum Omega Farma árið 2002 fór ég að leita nýrra tækifæra í lyfjaiðnaði, skoðaði lyfjafyrirtæki í Asíu og Evrópu. Á þeim tíma hefði ég ekki mátt stofna nýtt lyfjafyrirtæki á Íslandi vegna samninga við kaupendur Omega Farma. Ég hafði þó sérstakan augastað á Spáni þar sem samheitalyfjanotkun var lítil og bara spurning um tíma þar til þessi markaður stækkaði. Til greina kom að byggja lyfjaverksmiðju frá grunni í Murcia með stuðningi héraðsstjórnarinnar þar sem hafði áhuga á að auka fjölbreytni atvinnulífsins, en ég féll frá þeim áformum. Árið 2004 hafði ég heyrt af tveimur lyfjaverksmiðjum í eigu risafyrirtækisins Procter & Gamble. Þeir vildu selja framleiðsluhlutann frá sér og það endaði með kaupum árið 2005," segir Friðrik, en Invent Farma var stofnað árið 2004 í kringum kaupin.

**Í byrjun fann ég áhugavert fyrirtæki sem átti að selja fyrir tiltölulega lágt verð. Þegar ég leitaði til íslensku bankanna um fjármögnun á kaupunum var mér tekið vel en var sagt að því miður gæti bankinn ekki tekið þátt í svona litlum kaupum, ég þyrfti að finna eitthvað stærra.**

**Lítið er um viðskipti milli Spánverja og Íslendinga sem tengjast ekki sjávarútvegi. Friðrik segist þó hafa séð tækifæri í ört vaxandi samheitalyfjamarkaði á Spáni.**

### 12,9 milljarða velta

Á næsta áratug varð gríðarleg verðmætaaukning hjá Invent Farma. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var kaupverðmæti verksmiðjanna árið 2005 um sjö til átta milljarðar króna, (á þáverandi gengi) samanborið við þrjátíu millj-

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ 7. SEPTEMBER 2016 MIÐVIKUDAGUR

# GÓÐUR STAÐUR TIL AÐ VERA Á

Bókasafnsdagurinn verður haldinn um land allt á morgun, fimmtudag. Markmið hans er að vekja athygli á öllu því góða og mikilvæga starfi sem unnið er á bókasöfnum landsins. Boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá fyrir alla aldurshópa.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Bókasafnsdagurinn verður haldinn í sjötta sinn á bókasöfnum um land allt á morgun, fimmtudag. Markmið bókasafnsdagsins er að vekja athygli á öllu því mikilvæga starfi sem unnið er á öllum tegundum bókasafna hér á landi og um leið að kynna fyrir landsmönnum nauðsyn þeirra fyrir samfélagið, að sögn Málfríðar Finnbogadóttur, sem situr í undirbúningsnefnd fyrir viðburðinn.

„Bókasöfnin munu taka á móti gestum sínum eins og vanalega þennan dag. Mörg þeirra verða með sérstaka dagskrá í tilefni dagsins eða tilbreytingu í starfsemi sinni sem kynnt er á vef hvers safns. Eitt það skemmtilegasta við daginn er einmitt fjölbreytnin þar sem hvert bókasafn getur gert það sem því hentar hverju sinni. Fyrir vikið hefur dagskráin auðvitað þróast á hverju safni undanfarin ár. Stundum hafa starfsmenn skipst á hugmyndum og lært hver af öðrum. Á fyrstu árunum var til dæmis algengt að gestum var boðið að skoða vinnuaðstöðu starfsmanna og jafnvel geymslurnar og vakti það lukku.“

Það er Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræða, sem heldur daginn í samstarfi við bókasöfn á Íslandi.



**„Eitt það skemmtilegasta við daginn er einmitt fjölbreytnin þar sem hvert bókasafn getur gert það sem því hentar hverju sinni,“ segir Málfríður Finnbogadóttir, sem situr í undirbúningsnefnd fyrir viðburðinn.** MYND/GVA

### FJÖLBREYTT DAGSKRÁ

Yfirskrift Bókasafnsdagsins í ár er „Lestur er bestur – út fyrir endimörk alheimsins“ og er dagskráin fjölbreytt að sögn Málfríðar. „Dagskráin er tvíþætt þar sem við horfum bæði inn á við og út á við. Í fyrramálið hittast starfsmenn bókasafnanna á fræðslufundi sem við köllum Morgunkorn. Að þessu sinni heimsækjum við Veðurstofu Íslands, skoðum safnið þar og fáum spjall frá Ævari vísindamanni sem hvatningu fyrir daginn. Að því loknu hugsum við út á við, förum heim í söfnin okkar í lokaundirbúning dagsins og opnum söfnin fyrir gestum.“

Fjölbreytni í dagskrá skýrist líka af því hversu ólík söfnin eru en meðal þeirra eru almenningsbókasöfn, skólasöfn, Landsbókasafn Íslands – Háskólasafn og sérsöfn stofnana og fyrirtækja. „Í sumum er einn starfsmaður á meðan í öðru eru starfsmenn yfir hundrað og síðan allt þar á milli.

> Bókasöfn gegna mikilvægu hlutverki sem miðstöðvar fræðslu og þekkingar, fyrir framboð á tónlistar- og myndlistarefni, yndislestri og afþreyingu, fyrir aðstoð við upplýsingaöflun og gagnaleit. Bókasöfn eru auk þess samkomuhús, menningarmiðstöðvar og góður staður til að vera á.
>
> Málfríður Finnbogadóttir

Húsakynni eru einnig mjög ólík, þannig að það er aftur fjölbreytnin sem er í hávegum höfð. Sum söfnin bjóða upp á heimabakstur og huggulegheit á meðan önnur gefa bækur eða bjóða upp á upplestur og fræðimennsku. Tvö söfn, annað þeirra mitt safn, Bókasafn Mosfellsbæjar, hafa nefnt að þau ætli að ljúka sumarlestrinum á Bókasafnsdaginn og hafa litla hátíð á safninu kl. 16.30.“

### BREYTT HLUTVERK

Bókasöfn hafa breyst í tímans rás og gegna sem fyrr mikilvægu hlutverki í samfélaginu en nú með miklu fjölbreyttari hætti en áður. „Bókasöfn gegna mikilvægu hlutverki sem miðstöðvar fræðslu og þekkingar, fyrir framboð á tónlistar- og myndlistarefni, yndislestri og afþreyingu, fyrir aðstoð við upplýsingaöflun og gagnaleit. Bókasöfn eru auk þess samkomuhús, menningarmiðstöðvar og góður staður til að vera á.“

Á flestum bókasöfnum er boðið upp á netsamband, hægt er að nýta sér tölvur og prentara og jafnvel skanna inn efni. „Enn þá eru bækur á flestum söfnunum, tímarit og blöð, en hljóðbækur hafa bæst við og á stöku stað rafbækur og sú þróun á eftir að aukast. Á sama tíma hafa útlán á tónlist dregist saman á mörgum söfnum þar sem menn sækja hana annað.“

Alls kyns viðburðir fara líka fram innan veggja bókasafna á borð við tónleika, fyrirlestra, sýningar, menningardagskrá og auðvitað bókmenntakvöld og sögustundir fyrir börn. „Mörg safnanna bjóða upp á leshópa og fundaraðstaða er einnig til staðar á mörgum safnanna og getur þá fólk og stofnanir fengið að halda þar fundi og litlar ráðstefnur. Svo bjóða mörg safnanna upp á kaffi og notalega aðstöðu til að sitja og lesa.“

**Nánari dagskrá má finna á vefjum og samfélagsmiðlum hvers bókasafns og á www.bokasafn.is.**

LJÓS OG LAMPAR
Sérblaðið „Ljós og lampar“ kemur út 19. september
Í þessu blaði er hægt að kaupa auglýsingar sem og kynningar.
Áhugasamir hafi samband við:
Jón Ívar Vilhelmsson
Sími/Tel: +354 512 5429
jonivar@365.is
FRÉTTABLAÐIÐ













**Tour of Reykjavík er haldin í Laugardalnum og ýmist hjólað alla leið á Þingvelli eða styttri hringi í Laugardal og miðborginni. Sérstök áhersla er lögð á að gera upplifunina ánægjulega fyrir yngsta aldurshópinn.** MYND/PÉTUR ÞÓR

# NÝ HJÓLAKEPPNI VIÐ ALLRA HÆFI

**Tour of Reykjavík** fer fram í fyrsta skipti á sunnudag. Hjólakeppnin er ætluð öllum aldurshópum enda boðið upp á mismunandi vegalengdir.

**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is



„Við ætlum að bjóða upp á vegalengdir fyrir alla aldurshópa og öll getustig, alveg frá tveggja kílómetra barnabraut og upp í 110 km alvöru hjólakeppni," lýsir Kjartan Ásmundsson hjá Íþróttabandalagi Reykjavíkur en ÍBR stendur fyrir Tour of Reykjavík sem haldin verður í fyrsta sinn á sunnudaginn.

„Við höfum litið á Reykjavíkurmaraþonið sem fyrirmynd í skipulagningunni," segir Kjartan og bætir við að brotið verði blað í lokunum vega. „Þá munu öryggisbílar, lögreglan, dómarabílar og aðrir þjónustubílar fylgja hjólreiðafólki í lengstu vegalengdunum."

## BARNABRAUT OG ÞRAUTABRAUT

Boðið verður upp á fjórar mismunandi vegalengdir. Hjólakraftur heldur utan um þá stystu, barnabrautina sem verður tveggja kílómetra hringur í Laugardalnum. Hjólaleiðin á að henta börnum frá fjögurra til tólf ára en þó er vissara að þau yngstu séu í fylgd fullorðinna. Engin tímataka er í þessari vegalengd og engin verðlaun önnur en ánægjan. Ræst verður kl. 14 frá Laugardalshöll.

Það verður ýmislegt gert til að gera viðburðinn sem skemmtilegastan fyrir krakkana að sögn Þorvalds Daníelssonar hjá Hjólakrafti. „Latibær verður á staðnum og ýmis tónlistaratriði í gangi. Þá munum við verða með glænýja 50 metra langa braut með hólum og hæðum sem krakkarnir mega leika sér í á hjólum, hjólabrettum eða hlaupahjólum. Þá verða BMX-gaurarnir á svæðinu og leika listir sínar," segir hann.



**Kjartan Ásmundsson hjá ÍBR heldur utan um skipulagningu Tour of Reykjavík. Stefnt er að því að viðburðurinn verði árlegur og fari vaxandi ár frá ári.** MYND/EYÞÓR

Öllum þátttakendum barnabrautarinnar verður boðið upp á djús og í Laugardalslaugina að viðburði loknum.

## HJÓLAÐ Á LOKUÐUM GÖTUM

Boðið verður upp á 13 km borgarhring á lokuðum götum. „Þar geta allir tekið þátt, jafnvel þótt þeir hafi ekki stigið á hjólið í mörg ár," segir Kjartan. Hringurinn liggur frá Laugardalnum, um Skeifuna, Bústaðaveg, Hringbraut, niður í miðborgina og þaðan til baka Sæbraut og inn í Laugardal. Virk tímataka verður í boði svo þátttakendur fái staðfestan tíma en ekki verða veitt nein verðlaun. „Þetta er skemmtileg vegalengd fyrir fjölskylduna að fara saman."

Næsta vegalengd sem fólk getur valið er 40 km en þá eru farnir þrír hringir eftir 13 km löngu brautinni. „Þetta er aðeins meiri keppni og verðlaun veitt í nokkrum aldursflokkum. Almenningur er líka hvattur til að mæta enda eru 40 km ekki svo löng leið á flatri braut," segir Kjartan og bendir á að krakkar niður í tólf ára geti tekið þátt.

## 110 KM HJÓLAKEPPNI

Aðalkeppni Tour of Reykjavík er 110 km hringur. „Hjóluð verður falleg og krefjandi leið frá Laugardalnum til Þingvalla um Nesjavallaleið. Farið um Grafning og Mosfellsheiði til baka, fram hjá Hörpu og endað í Laugardalnum. Þetta er keppni fyrir lengra komna og er bæði liða- og einstaklingskeppni," segir Kjartan. Búist er við harðri keppni og þegar eru búnir að skrá sig mjög sterkir erlendir keppendur að sögn Kjartans.

**Skráning fer fram á www.tourof-reykjavik.is til klukkan 23 á föstudag en einnig er hægt að skrá sig í Laugardalshöllinni milli 12 og 15 á laugardaginn en þar fer einnig afhending skráningarganga fram.**

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*

## BÍLAR & FARARTÆKI

PLANIÐ bílasala 5170000



FORD Focus eco boost. Árgerð 2016, ekinn 0 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Tilboðsverð 2.990.000. Rnr.120202.



HYUNDAI Elantra style. Árgerð 2016, ekinn 0 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Tilboðsverð 3.490.000. Rnr.120206.

**Bílasalan Planið**
**Korputorgi, Reykjavík**
**Sími: 517 0000**
**Opið 10-18. Lau 12-16**
**www.planid.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

NETBÍLAR www.netbilar.is



**7 MANNA NISSAN QASHQAI**
NISSAN Qashqai+2 se 4x4. Árgerð 2012, ekinn 92 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.190.000. Rnr.214402.

**Netbílar.is**
**Núpalind 1 .Lindum Kópavogi, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

SUZUKI



Rafmagnsfjallareiðhjólin vinsælu fást hjá okkur. Þægileg 26" reiðhjól sem henta vel fyrir íslenskar aðstæður. Verð 188.900.- kr. Einnig til 28" borgarhjól.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

**Blaðberinn bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn...
...góðar fréttir fyrir umhverfið

HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast



RENAULT Trafic minibus. Árgerð 2016, ekinn 0 KM, dísel, 6 gírar. Nýr bíll. Verð 6.300.000. Rnr.111309. 9 manna bíll.

**Höfðabílar**
**Fossháls 27/ Dragháls megin, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN www.nyja.is
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



HONDA Civic sport 1,8 5d. Árgerð 2007, ekinn aðeins 54 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.390.000. Rnr.320041.



SKODA Octavia 4x4. Árgerð 2015, ekinn 38 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.980.000. Rnr.330713.



TOYOTA Rav4 gx plus. Árgerð 2014, ekinn 81 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.950.000. Rnr.210155.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

100 bílar.is bílasala



MMC Outlander Instyle Hybrid, 12/2015, ek 5 þús km, leður, topplúga, leiðsögukerfi ogfl, ásett verð 5.750 þús, er á staðnum, raðnr 152565.

**100 bílar ehf**
**Stekkjarbakki 4, 109 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18 virka daga & laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

### Bílar til sölu



**TILBOÐ!**
Til sölu Chevrolet Captiva 2013. Ekin 89 þ. Dráttarkrókur og vetrardekk. Tilboðsverð 3,6 m. Engin skipti. gsm 8938281

### Bílar óskast

**0-600 STAÐGREITT**
Vantar bíl á verðinu 0-600. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 760 5027

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

# NÝIR BÍLAR Á LÆGRA VERÐI!

## KOMDU VIÐ OG PRÓFAÐU




## Yaris Hybrid Edition S

**AÐEINS KR.**
**2.790**
**ÞÚSUND**

Verð á sambærilegu annarsstaðar: 3.130 þúsund

**VEL BÚINN BÍLL**

- Sjálfskiptur
- Bakkmyndavél
- Akgreinavari
- Árekstrarvari
- Bluetooth
- 15" álfelgur

...og margt fleira

Til afgreiðslu núna - Komdu og prófaðu - 5 ára ábyrgð - Allt að 90% lán - Skoðum með uppítöku á notuðum bílum

**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan

**opið í dag 10-18**
**kaffi á könnunni**

**STÓRA BÍLASALAN**
Klettháls 2 · 110 Reykjavík

## Sendibílar



Sendibíll óskast ódýrt, t.d. Toyota Hiace, Mitsubishi L-300, Ford Transit, Mazda E2000. Í lagi að bíllinn þarfnist lagfæringa. S:8699766

## Hjólbarðar




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir




# ÞJÓNUSTA

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SÁ SÍMASPÁ Í S. 844 6845 / 462 4564**
Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Trésmíði

**ALMENN SMÍÐAVINNA**
Ertu þú að bíða eftir smiðnum sem kemur aldrei. Hringdu þá í okkur og við göngum í málið nú þegar. N.Ú. ehf. s.6949781

# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 782 8800**

**HRINGSTIGI ÓSKAST**
Lengd: 3.15m eða lengri
Æskileg breidd 80-90cm.
Upplýsingar í síma 896-4494

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

SCHOOL OF ICELANDIC

**STUNDASKRÁ: - SCHEDULE**
ÍSLENSKA f. útlendinga - ICELANDIC I og II. ENSKA f. fullorðna/ENGLISH f. Adults. NORSKA I: Byrja/ Starting: 12 /9, 10/10, 7/11, 5/12. Morgna/ Síðdegi /Kvölds. Mornings/ Afternoons/ Evenings. 4 vikur x 5 daga í viku - 4 weeks x 5 days a week. 1-5 nemendur/1-5 students - www.iceschool.is. ff@icetrans.is. Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. s. 557 1155 / 898 1175.

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HEIMILIÐ

## Barnavörur




**AUKAHLUTAPAKKI AÐ VERÐMÆTI 27.800.- FYLGIR FRÍTT MEÐ ÖLLUM (FYRIRFRAM PÖNTUÐUM) VÖGNUM FRAM TIL 12. SEPTEMBER.**
Vagnstykki, kerrustykki og skiptitaska Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 285 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Óska eftir 3ja herb,íbúð eða einstaklings, helst miðsvæðis. Reglusemi og skilvísar greiðslur. Uppl. í s. 897 1995

## Geymsluhúsnæði




Þurrkbox á tilboði 749 kr per stk eða 3 fyrir 2 á 1498 kr. Draga úr rakasöfnun í ferðavögnum. Frábært að setja í ferðavagninn áður en hann er settur í geymslu. Íshúsið ehf S: 566 6000 www.ishusid.is

**UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARF.**
Gott verð, tjaldv, fellih, bátar, 4hjól og fl. S. 899 9339 & solbakki311@gmail.com Sólbakki.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**ATH - ATH - ATH !!**
Gamla smiðjan Lækjargötu 8 og Þrastalundi. Við erum að leita að metnaðarfullu, jákvæðu, kraftmiklu fólki til að veita afburðagóða þjónustu. Fullt starf og hlutastarf.
**Allar nánari upplýsingar í s. 661-7000**

SUBWAY

Subway óskar eftir að ráða í vaktavinnu á höfuðborgarsvæðinu. Óskað er eftir jákvæðu, duglegu, samviskusömu og áræðanlegu fólki. Hægt er að sækja um á heimasíðu fyrirtækisins: www.subway.is/Hafasamband/Saekjaumstarf/

Subway is looking for a good and energetic shift workers in Reykjavík. Intrested applicants please send an application through the companies website: www.subway.is/Hafasamband/Saekjaumstarf/.

**DÝRARÍKIÐ**
Óskar eftir starfsmönnum í fullt starf.Umsækjendur þurfa að hafa bílpróf.
**Upplýsingar ásamt ferilskrá sendist á: dyrarikid@dyrarikid.is**

**FULLT STARF OG HLUTASTARF Í SÚRDEIGSGERÐINNI**
Súrdeigsgerðin í Lindum Kópavogi óskar eftir starfsmanni í 100% starf við afgreiðslu frá 11:30-19:30 alla virka daga og starfsmanni í afleysingar.

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á surdeigsgerdin@surdeigsgerdin.is

## Atvinna óskast

**PROVENTUS STARFSMANNAÞJÓNUSTA**
Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra starfa um lengri eða skemmri tíma.
**Nánari upplýsingar í síma 775-7373 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is**




**Útkeyrslustörf.**
Fyrirtæki, staðsett í 221 Hafnarfirði, vantar starfsfólk í eftirfarandi störf:
- **Lager og útkeyrslumaður með meirapróf.**
- **Lager og útkeyrslumaður.**

Meðmæli og hreint sakavottorð skilyrði. Vinsamlega sendið umsóknir á box@frett.is merkt **„Útkeyrsla-1009"**

**DOMUSNOVA Fasteignasala**
Nýbýlavegur 8, 2. hæð • 200 Kópavogur • domusnova@domusnova.is • S 527 1717

**Krókháls – Skrifstofu – Lager – og Iðnaðarhúsnæði**
**Glæsilegt húsnæði til leigu á aðeins frá kr. 1.250,-/fm.**





Glæsilega innréttað húsnæði til leigu eða sölu. Vönduð húseign, næg bílastæði. Innréttað með kerfisveggjum í fjölda skrifstofa, opin rými, salerni, mötuneyti o.fl. Vönduð gólfefni og lagnastokkar í hverju rými með fjölda innstunga og tengingar fyrir tölvubúnað. Lagerrými með mikilli lofthæð og stórum innkeyrsluhurðum.
*Stærðir: 500fm. – 3200fm.
Lagerrými um 800fm.Skrifstofurými, fundarrými mötuneytisaðstaða samtals 2200fm. 1600fm. lausir nú þegar, annað getur losnað fljótlega.

**Allar frekari upplýsingar veita Agnar í s. 820-1002 eða agnar@domusnova.is og Haukur Halldórsson Hdl/lgf. á eignir@domusnova.is . s.789-5560**

**Þverholt 14 – Til Leigu**



Glæsilegt skrifstofuhúsnæði í þessu vandaða húsi. Samtals 400fm. 12 stæði í bílahúsi fylgja.

Eigandi tilbúinn að innrétta húsnæðið til að aðlaga það að þörfum leigutaka. Laust nú þegar.

**Allar frekari upplýsingar veita Agnar í s. 820-1002 eða agnar@domusnova.is og Haukur Halldórsson Hdl/lgf. á eignir@domusnova.is S. 789-5560**

**www.domusnova.is**



arða króna í dag. Velta verksmiðjanna nam 4,5 milljörðum króna árið 2005 en nú nemur árleg velta Invent Farma 100 milljónum evra, eða 12,9 milljörðum króna.

„Það voru tæplega fjögur hundruð starfsmenn þegar við komum að þessu og þegar við seldum voru þar tæplega fimm hundruð starfsmenn. Það varð því starfsmannafjölgun, en mest varð verðmætaaukningin, því það gekk vel eftir að við fengum lán fyrir kaupunum,“ segir Friðrik.

Hann segir mestu breytinguna á fyrirtækinu hafa orðið við stofnun Qualigen. „Þegar ég kem að þessu eru tvær lyfjaverksmiðjur, ein framleiðir virk lyfjaefni með áherslu á innöndunarlyf, og önnur sem framleiðir tilbúin lyf. Þegar nýir fjárfestar komu inn árið 2005 þá stofnuðum við markaðsfyrirtækið Qualigen sem selur lyf á Spáni undir eigin vörumerki. Það er mjög kostnaðarsamt að markaðssetja eigin vörur og það var tap á Qualigen fyrstu sex til sjö árin, en eftir árið 2012 fór að ganga mjög vel.“

**Átti að gera stór kaup**

Invent Farma var stofnað þegar útrás íslenskra fjárfesta stóð sem hæst. Friðrik segir að andrúmsloftið í íslensku viðskiptalífi hafi verið þannig að helst hafi átti að gera stór kaup. „Sem dæmi ná nefna að í byrjun fann ég áhugavert fyrirtæki sem átti að selja fyrir tiltölulega lágt verð. Þegar ég leitaði til íslensku bankanna um fjármögnun á kaupunum var mér tekið vel en var sagt að því miður gæti bankinn ekki tekið þátt í svona litlum kaupum, ég þyrfti að finna eitthvað stærra. Kaupin á lyfjaverksmiðjum Procter voru nægilega stór kaup til að bankinn hefði áhuga á að taka þátt í fjármögnuninni. Ég ætla ekki að gera lítið úr aðkomu bankanna. Þó að margar fjárfestingar hafi misheppnast, þá er það þannig að ef vel gengur verður mikil verðmætaaukning í skuldsettum kaupum,“ segir hann.

**Hrunið snerti Invent Farma**

Friðrik segir að eins og flest önnur fyrirtæki hafi Invent Farma fundið fyrir áhrifum hrunsins. „Í hruninu vorum við í miðjum kaupum á lyfjafyrirtæki. Á þeim tíma vorum við í leiguhúsnæði og vildum kaupa okkur eigin framleiðsludeild og flytja framleiðsluna þangað. Við höfðum fengið loforð um fyrirgreiðslu hjá íslenskum banka og vorum búin að borga inn á kaupin, en eftir hrun gat bankinn ekki staðið við framtíðarfjármögnun á kaupunum. Þá gengu kaupin til baka og við töpuðum fyrstu greiðslunni. Á sama tíma ákváðu yfirvöld á Spáni að skera niður í lyfjakostnaði þannig að við lentum í tekjusamdrætti. Þannig að hrunið snerti okkur. En við komumst út úr því og gátum staðið við allar okkar skuldbindingar,“ segir Friðrik.

Efnahagskreppan árið 2008 hafði gríðarleg áhrif á Spáni þar sem atvinnuleysi fór fljótt upp í 25 prósent og draga þurfti verulega úr ríkisútgjöldum. Friðrik segir að það hve samheitalyfjamarkaðurinn á Spáni var lítill hafi hjálpað til við að takast á við áhrif efnahagskreppunnar. „Ein ástæðan fyrir því að ég vel upphaflega að fara til Spánar er að mikið tækifæri var til vaxtar á markaðnum þar. Ef við hefðum verið á öðrum markaði þar sem samheitalyfin hefðu verið orðin mjög stór þá hefði kannski orðið meiri samdráttur í efnahagskreppunni. Þarna var ríkinu til góðs að nota samheitalyf, þannig að það var áfram töluverður vöxtur í notkun samheitalyfja.“

Friðrik segir að mikið atvinnuleysi á Spáni hafi ekki háð fyrirtækinu. „Stundum er það þannig að þegar atvinnuleysi er mikið þá er minni hreyfing á fólki og fólk hættir ekki. Þegar atvinna er næg getur komið meiri óstöðugleiki í rekstur fyrirtækja.“

**Tækifæri fyrir lífeyrissjóði**

Breytingar voru innan Invent Farma árið 2013 þegar ákveðið var að leita fjárfestinga frá íslenskum sjóðum. „Hópur hluthafa var áhugasamur um að selja og byrjaði að leita að kaupendum árið 2011, það leiddi ekki til neinnar sölu og þá var ákveðið að leita til sjóðanna á Íslandi. Árið 2013 voru komin á gjaldeyrishöft á Íslandi og fá tækifæri fyrir lífeyrissjóði að fjárfesta erlendis og þannig dreifa áhættunni. Þetta voru kaup á íslensku fyrirtæki með veltu í erlendum gjaldmiðli,“ segir Friðrik.

„Það var mikill akkur að fá fagfjárfesta eins og Framtakssjóð Íslands og Horn II í hluthafahópinn. Samstarfið við þá einstaklinga sem stjórna þessum sjóðum hefur gengið mjög vel. Kristinn Pálmason frá FSÍ og Hermann Þórisson frá Horni II, sem sátu í stjórn Invent Farma, unnu með mér í gegnum allt söluferlið sem tók rúmt ár. Reynsla þeirra og fjármálaþekking nýttist afskaplega vel í söluferlinu.“

**Áfram hluthafi í Invent Farma**

Friðrik verður áfram hluthafi í Invent Farma eftir yfirtöku Apax en mun eiga mun minni hlut en áður. Hann segist ekki sjá fram á að stofna nýtt fyrirtæki í lyfjabransanum. „Þetta er bara orðið gott,“ segir hann og brosir. „Ég kem sem fjárfestir að einhverjum fyrirtækjum í lyfjabransanum en ekki í þessum mæli. Svo eigum við Ingibjörg kona mín, í gegnum Silfurberg, Lyfjaver, apótek sem sérhæfir sig í lyfjaskömmtun,“ segir hann.

Friðrik er því ekki alveg sestur í helgan stein en segist hlakka til að sinna áhugamálum sínum í auknum mæli, spila á píanó, lesa góðar bækur, sinna fjölskyldunni og halda áfram að gera áhugaverða hluti.

## 30
**milljarða króna virði var hlutafé Invent Farma við sölu samkvæmt heimildum Markaðarins.**

## 12,9
**milljarða króna velta var á síðasta ári hjá Invent Farma, eða 100 milljónir evra.**

## 4,5
**milljarða velta var á verksmiðjunum sem Invent Farma keypti árið 2005.**

## Mjög gaman í Barselóna

Ísland og Spánn hafa lengi átt í góðu viðskiptasambandi en Spánn er einn helsti innflytjandi íslensks saltfisks. Friðrik hefur sérstakan áhuga á spænskri menningu og tungu og er meðal annars ræðismaður Spánar á Íslandi og formaður Spænsk-íslenska viðskiptaráðsins. Hann segir að lítið sé um viðskipti milli Spánverja og Íslendinga sem tengist ekki sjávarútvegi. Hann hafi hins vegar séð tækifæri í lyfjaiðnaðinum á Spáni þar sem samheitalyfjanotkun var lítil og bara spurning um tíma þar til þessi markaður stækkaði.

„Lyfjaiðnaður á Spáni er nær eingöngu í Madrid og í Barselóna. Ástæðan fyrir því á rætur sínar að rekja til vefnaðariðnaðar. Það var mikill vefnaðariðnaður í Barselóna og í tengslum við hann þurfti litariðnaður að þróast. Litariðnaðurinn er kemískur iðnaður, þegar þú ert búinn að ná tökum á því að búa til litarefni með efnafræðilegum aðgerðum, þá er stutt yfir í lyfjaiðnað.



Park Güell eftir Gaudi í Barselóna.

Það sama gerðist í Sviss, þeir höfðu ákveðið forskot þegar kom að því að búa til lyf.“

Friðrik segir töluvert ólíkt viðskiptaumhverfi ríkja á Spáni og á Íslandi. En engu að síður sé þar mjög áhugavert menningarumhverfi. Spánn er eins og fjöldi landa samankominn og það er mjög gaman að vera í Barselóna.“

# Viðsnúningur hjá NTC

Viðsnúningur varð á rekstri tískufyrirtækisins NTC milli áranna 2014 og 2015. NTC rekur fjölda tískuverslana, meðal annars tískubúðirnar Sautján, Evu og GK Reykjavík.

Hagnaður félagsins 2015 nam 41 milljón króna samanborið við ríflega 30 milljóna króna tap árið áður. Velta NTC jókst um sjö prósent milli ára og nam 1.960 milljónum króna. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) ríflega þrefaldaðist og nam rúmlega 98 milljónum króna. Langtímaskuldir félagsins lækkuðu úr 391 milljón í 262 milljónir króna milli ára.

Í viðtali við Markaðinn á síðari hluta árs 2015 sagði Svava Johansen að árið liti mjög vel út. Fyrirtækið fyndi fyrir kaupmáttaraukningunni í þjóðfélaginu. Almenningur væri farinn að kaupa dýrari vöru á ný. Auk þess væri verslun erlendra ferðamanna að aukast.

Spennandi verður að sjá hvernig uppgjör ársins 2016 mun koma út hjá NTC sem og öðrum tískufyrirtækjum landsins en þau lækkuðu fataverð um áramótin eftir að tollar á fatnaði og skóm féllu niður. Einnig lækkuðu einhverjar fataverslanir verð í sumar þegar gengi pundsins veiktist töluvert gagnvart krónunni í kjölfar þess að Bretar kusu að yfirgefa Evrópusambandið. **– sg**



**Svava Johansen er eigandi NTC.**
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK




**Höfuðstöðvar Monsanto í St. Louis-borg í Missouri-fylki Bandaríkjanna.**
NORDICPHOTOS/AFP

# Bayer býður 7.600 milljarða í Monsanto

Þýski lyfjarisinn Bayer tilkynnti í gær um 65 milljarða dala, andvirði um 7.500 milljarða króna, tilboð sitt í bandaríska fyrirtækið Monsanto. Myndi Monsanto fá um fimmtán þúsund krónur á hvern keyptan hlut. Viðræður Bayer og Monsanto eru sagðar langt komnar í tilkynningu sem Bayer sendi frá sér í gær.

Monsanto framleiðir og þróar erfðabreytt fræ fyrir matvæli á borð við maís, sojabaunir og hveiti. Auk lyfjaframleiðslu framleiðir og þróar Bayer skordýraeitur fyrir akuryrkju og erfðabreytt matvæli undir nafninu Bayer CropScience. Með fyrirhuguðum samruna vonast Bayer til að verða langstærsti framleiðandi erfðabreyttra fræja fyrir matvæli á heimsvísu.

Eigendur Monsanto höfðu áður hafnað rétt rúmlega sjö þúsund milljarða króna tilboði Bayer.

Hið hækkaða tilboð Bayer kemur í kjölfar samruna samkeppnisaðila á borð við Dow Chemical, DuPont og Syngenta.

Fréttastofa BBC greinir frá því að óvíst sé að samkeppniseftirlit Bandaríkjanna samþykki samruna Bayer og Monsanto vegna stærðar fyrirtækjanna tveggja. Þá hafa hagsmunasamtök bænda þar í landi lýst yfir áhyggjum af samrunanum og segja hann leiða til minni samkeppni og hærra verðs.

Um er að ræða átjánda hæsta kaupverð í sögunni. Það hæsta var hins vegar þegar Vodafone keypti þýska Mannesmann-samsteypuna á 202 milljarða bandaríkjadala, andvirði 23 þúsund milljarða króna. **– þea**

# Snjallsímasala minnkar

Frá því að fyrsti iPhone-snjallsími Apple var kynntur árið 2007 hafa helstu tækniframleiðendur heims keppst við að mæta kröfum neytenda um nýrri, betri og hraðari síma. Milljarðar snjallsíma hafa selst á síðustu níu árum, en nú benda sölutölur til þess að salan sé að minnka.

Samkvæmt nýjum tölum frá greiningarfyrirtækinu IDC mun vöxtur á snjallsímamarkaði einungis nema 1,6 prósentum á árinu og 1,46 milljarðar síma verða seldir. Þetta eru háar sölutölur en vöxturinn er að dragast töluvert saman samanborið við fyrri ár, en milli áranna 2014 og 2015 var söluvöxturinn 10,6 prósent.

Greiningaraðilar IDC spá því að á vestrænum markaði muni sala dragast saman á árinu, eini vöxturinn á markaði muni koma frá nýmarkaðsríkjum.

Neytendur virðast sífellt ánægðari með snjallsíma sína og finna fyrir lítilli þörf til að skipta þeim út og því eru færri að kaupa snjallsíma. Sala dróst til að mynda saman á iPhone-snjallsímum í fyrsta sinn milli ára á fyrsta og öðrum ársfjórðungi 2016.

Sala snjallsíma gæti komist á flug á ný ef fleiri sækjast eftir að nýta sér sýndarveruleikatækni. Samsung og Google hafa bæði framleitt slíkar græjur sem styðjast við snjallsíma þeirra. Einnig telja greiningaraðilar að aukin eftirspurn á stærri skjáum gæti ýtt undir vöxt í sölu á ný. **– sg**



SYLVÍA RUT SIGFÚSDÓTTIR



## Tekur við ritstjórn Pressunnar

Sylvía Rut Sigfúsdóttir hefur verið ráðin ritstýra vefmiðilsins Pressunnar og tekur hún við starfinu af Kristjóni Kormáki Guðjónssyni. Sylvía Rut er með meistaragráðu í fjölmiðlafræði frá Kaupmannahafnarháskóla.

Sylvía Rut hefur starfað hjá Vefpressunni, útgefanda Pressunnar, Eyjunnar og Bleikt.is, frá árinu 2013. Fyrst um sinn sem blaðamaður hjá Bleikt.is og seinna meir sem ritstýra sama miðils. Hún mun áfram ritstýra Bleikt.is. **– þea**

UNNUR MÍLA ÞORGEIRSDÓTTIR



## Forstöðumaður eignastýringar

Unnur Míla Þorgeirsdóttir hefur verið ráðin í stöðu forstöðumanns eignastýringar ALM Verðbréfa hf.

Hún hefur starfað á innlendum og erlendum fjármálamarkaði. Meðal annars sem forstöðumaður eignastýringar MP banka og í eignastýringu VÍB.

Unnur er menntaður hagfræðingur og hefur undanfarin sex ár starfað í Lundúnum. Mun hún koma til með að leiða uppbyggingu tengsla á eignastýringu ALM fyrir fyrirtæki, stofnanir og fagfjárfesta. **– þea**

ÁSTA MÖLLER



## Nýr sviðsstjóri starfsmannasviðs

Ásta Möller hefur verið ráðin nýr sviðsstjóri starfsmannasviðs Háskóla Íslands. Í tilkynningu frá skólanum segir að Ásta hafi lokið námi í hjúkrunarfræði og opinberri stjórnsýslu.

Síðustu tvö ár hefur Ásta starfað á skrifstofu rektors, meðal annars við stjórnsýsluúttektir á rannsóknastofnunum og stjórnsýslu skólans. Þar áður gegndi hún stöðu forstöðumanns Stofnunar stjórnsýslu og stjórnmála hjá stjórnmálafræðideild háskólans.

Ásta var þar að auki þingmaður Sjálfstæðisflokks árin 1999 til 2009. **– þea**



**Björn hefur mjög gaman af tónleikum og reynir að sækja alla stærstu tónleika landsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hefur alltaf verið í íþróttum

Björn Þór Hermannsson er nýr skrifstofustjóri skrifstofu opinberra fjármála í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Hann er hagfræðingur og aðaláhugamál hans eru íþróttir, sér í lagi körfubolti.

„Þetta leggst mjög vel í mig, mér líst mjög vel á þetta," segir Björn Þór Hermannsson sem tók við starfi skrifstofustjóra skrifstofu opinberra fjármála í fjármála- og efnahagsráðuneytinu þann 1. september. Hann hefur starfað í fjármála- og efnahagsráðuneytinu frá 2011 en áður starfaði hann í velferðarráðuneytinu. Björn hefur frá árinu 2014 verið staðgengill skrifstofustjóra.

„Skrifstofan undirbýr stefnumörkun í fjármálum hins opinbera og setningu heildarmarkmiða varðandi þróun ríkisfjármála til skemmri og lengri tíma í samræmi við áherslu stjórnvalda á hverjum tíma. Skrifstofan hefur yfirumsjón með gerð fjármálastefnu og árlegrar fjármálaáætlunar fyrir hið opinbera í heild, og hefur forystu um undirbúning frumvarps til fjárlaga. Við berum því ábyrgð á að gefa út fjárlög, fjáraukalög og lokafjárlög á hverju ári, eða öllu sem snýr að fjárlagagerð fyrir ríkið," segir Björn. Að sögn Björns hefur starfið breyst þannig að nú er meira að gera yfir allt árið.

Í tilkynningu frá ráðuneytinu kemur fram að Björn hafi lokið B.Sc. prófi í hagfræði frá Háskóla Íslands og M.Sc. í fjármálahagfræði frá sama skóla árið 2010. „Ég á mjög auðvelt með að vinna með tölur og því um líkt," segir Björn kíminn.

Helstu áhugamálin utan vinnunnar eru íþróttir, hvort sem það er innanhúss eða utanhúss. „Ég hef æft íþróttir frá því að ég man eftir mér, ég var í frjálsum og fótbolta og hef lengst af verið í körfubolta. Nú eru það körfubolti, útihlaup eða ræktin. Ég reyni að hreyfa mig helst oft í viku og blanda þessu saman."

Björn segist líka reyna að fylgjast vel með öllum leikjum. Björn á tvö börn og segist vera að reyna að koma þeim í íþróttir. „Dóttirin er komin í fimleika, svo er bara að sjá hvað guttinn vill. Hann hefur sýnt boltaíþróttum og körfubolta smá áhuga, en hann er bara fimm ára og þetta er því ekki komið á hreint enn þá."

Björn hefur líka mikinn áhuga á útiveru, tónlist og ferðalögum. Hann sækir reglulega tónleika og segist reyna að fara á eins marga af stærri tónleikum sem hann kemst á hér á landi. „Ég er þó ekki búinn að kaupa miða á Justin Bieber-tónleikana á föstudaginn," segir hann og hlær.

**saeunn@frettabladid.is**

# Skiptar skoðanir um þjóðpeninga

„Þegar litið er til almennrar velsældar, stjórnunar hins opinbera og baráttu við sjúkdóma hefur heiminum að mestu leyti farið fram. Það gildir ekki um peningamálakerfið," sagði Martin Wolf, aðalálitsgjafi The Financial Times um efnahagsmál.

Wolf var einn frummælenda á fundi um þjóðpeninga sem haldinn var í tilefni nýrrar skýrslu KPMG um efnið. Þjóðpeningakerfi byggir á því að Seðlabankanum einum er heimilt að búa til peninga fyrir hagkerfið og ríkið hafi möguleika á að setja nýtt fé inn í hagkerfið í gegnum fjárlög. Wolf sagði að litlar líkur væru á að vilji væri til slíkra breytinga nú: „Við verðum að vera tilbúin með nýtt plan þegar næsta áfall dynur yfir." Hann sagði að bankakrísur dagsins í dag væru alvarlegri en áður vegna þess hversu stór efnahagsreikningur banka væri í hlutfalli við hagkerfin.

Frosti Sigurjónsson alþingismaður hefur verið talsmaður þess að innleiða slíkt kerfi. Fylgjendur kerfisins hafa bent á veikleika núverandi kerfis þar sem fjármunamyndun á sér stað í gegnum viðskiptabanka með útlánum á grundvelli innlána út í hagkerfið. Frosti Sigurjónsson sagði í pallborði að í hugbúnaðargeiranum myndi kerfi sem hefur

> **Við verðum að vera tilbúin með nýtt plan þegar næsta áfall dynur yfir.**
>
> Martin Wolf, álitsgjafi The Financial Times

valdið jafn miklum skakkaföllum og núverandi peningakerfi, þrátt fyrir umbætur, ekki verða bætt einu sinni enn, heldur yrði því skipt út.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri var einn frummælenda. Már fagnaði umræðu um málið, en lýsti miklum efasemdum um þessa leið. Hann sagði sjónarhorn talsmanna þjóðpeningakerfis þröngt. Vissulega mætti taka undir gagnrýni á veikleika núverandi kerfis, en líta þyrfti einnig til þess að bankakerfin hefðu skapað jarðveg fyrir vöxt og viðgang efnahagslífsins. Hann lagði áherslu á styrk íslenskra banka í dag og hátt eiginfjárhlutfall.

Ásgeir Jónsson hagfræðingur tók þátt í pallborði og hafði einnig miklar efasemdir um þjóðpeningakerfi. Hann sagði að síðasta ofris bankakerfisins hefði ekki stafað af útlánum á grundvelli innlána, heldur hefði verið um vöxt sem grundvallaðist á skuldabréfafjármögnun að ræða. **– hh**



**Seðlabankastjóri og Martin Wolf voru ekki á einu máli um ágæti þess að taka upp nýtt peningamálakerfi.**


Mannakorn
í Eldborg,
1. október
Mannakorn er ein ástsælasta hljómsveit landsins og kemur nú fram í Eldborgarsal Hörpu í fyrsta sinn.
Sveitinni til halds og trausts er fantagóð strengja– og blástursveit sem mun gæða öll bestu lög sveitarinnar einstökum blæ.
Miðasala er á tix.is, harpa.is og í miðasölu Hörpu.
DÆGURFLUGAN
HARPA

## Ferðaþjónusta



Björn Guðmundsson
framhaldsskólakennari

# Gistináttagjald í Sviss

Gríðarleg fjölgun erlendra ferðamanna á Íslandi hefur í för með sér mjög aukið álag á innviði þjóðfélagsins og náttúru landsins. Víða er þörf verulegra úrbóta. Má þar nefna göngustíga, vegakerfið, landvörslu og heilbrigðisþjónustu. Út um allt land er kallað eftir auknu fjármagni til að leysa þau vandamál sem að steðja. Ráðherra ferðamála sagði nýlega að tekjur af ferðamönnum væru svo miklar að ekki væri þörf á sérstakri gjaldtöku af þeim og talaði um að ekkert munaði um gistináttagjaldið (50-100 kr. á einstakling fyrir nóttina) sem skilar 250 milljónum kr. á ári. Ráðherrann vill helst leggja þetta gjald af, segir flækjustigið of mikið við innheimtuna.

Ég og konan mín stunduðum nýlega göngur í Alpafjöllunum, nánar tiltekið í Valais-kantónu í Sviss. Við gistum í viku í fjallaþorpi þar sem búa um 400 manns. Þar var gistináttagjaldið 7 SFr. á mann á nótt, sem þýðir rúmlega 1.700 kr. fyrir tvo. Börn á aldrinum 6-15 ára greiða 3,50 SFr. Gjaldið rennur beint til sveitarfélagsins þar sem gististaðurinn er staðsettur. Gjaldið er a.m.k. 17 sinnum hærra en á Íslandi og hækkun til samræmis við Sviss gæfi að lágmarki um 5 milljarða króna á ári. En kannski er það bara „baunir“ í augum ráðherra ferðamála.

**Að mínu áliti er það hreinn kjánaskapur að innheimta ekki bitastæð gjöld af ferðamönnum.**

Björn Guðmundsson
framhaldsskólakennari

Heyrst hefur frá ferðaþjónustunni og fleirum að gistináttagjaldið og önnur hugsanleg gjöld á ferðamenn séu íþyngjandi og minnki samkeppnishæfni Íslands sem ferðamannalands. Í Valais-héraði í Sviss er ferðaþjónusta mikilvægasti atvinnuvegurinn. En þeir eru ekki hræddir við að taka gjöld af ferðamönnum enda standa þau straum af kostnaði við að þjónusta ferðamennina. Sem dæmi má nefna að merktir göngustígar í Valais eru meira en 8.000 km langir og það í kantónu sem er aðeins $1/20$ af flatarmáli Íslands. Og margir þessara stíga eru hrein snilldarverk, gríðarlega mikið í þá lagt og þeim vel við haldið. Upphlaðnir á köflum, brýr yfir torfærur, öryggiskeðjur og slíkt á hættulegum stöðum. Allt vel merkt með góðum skiltum og málningu á steinum. Allt kostar þetta peninga og við greiddum umrædd gjöld með glöðu geði.

Að mínu áliti er það hreinn kjánaskapur að innheimta ekki bitastæð gjöld af ferðamönnum til að standa straum af margvíslegum kostnaði sem ferðamönnum fylgir. Þetta er gert víða um Evrópu. Hvers vegna ekki á Íslandi?

## Fæðingarstaður 5G




Thomas Haustein, vísindamaður við Fraunhofer Heinrich-Hertz stofnunina, heldur á ‘5G útvarpi’ með loftnetstækni til að kynna rannsókn á 5G farsímanetkerfi í stofnuninni þann 5. september í Berlín í Þýskalandi. 5G tæknin verður þróuð í Berlín á næstkomandi misserum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Við viljum ekki verðhjöðnun og „gjaldmiðlafrið“



Lars Christensen
alþjóðahagfræðingur

Það er brostinn á friður – að minnsta kosti á alþjóðlegum gjaldeyrismörkuðum. Fyrir nokkrum árum voru allir að tala um „gjaldmiðlastríð“ – það er að segja að ríki hafi keppst við að veikja gjaldmiðil sinn til að ná samkeppnisforskoti á önnur ríki. Nú lítur hins vegar út fyrir að ríki „gjaldmiðlafriður“ því stærstu peningastórveldi heimsins koma nú fram og mæla gegn því sem þau kalla „gengisfölsun“.

Fyrir um tveimur mánuðum steig bankastjóri Seðlabanka Evrópu, Mario Draghi, fram og varaði við „gjaldmiðlastríði“ og um helgina, í tengslum við G20-fundinn í Kína gerðu tvö stærstu hagkerfi heimsins, Kína og Bandaríkin, samkomulag um að „forðast gengislækkun til að stuðla að samkeppni og að ráðast ekki á gengi í samkeppnistilgangi“.

### Í verðhjöðnunarheimi þurfum við gjaldmiðlastríð

Það er auðvelt að láta sannfærast af yfirborðslegum röksemdum gegn „gjaldmiðlastríði“ en staðreyndin er sú að í aðstæðum þar sem flestir seðlabankar heimsins eru langt undir verðbólgumarkmiðum sínum, og það er áfram mikil hætta á verðhjöðnun, ætti ekki að gefa „gengisleiðina“ til að berjast gegn verðhjöðnun upp á bátinn. Þetta á sérstaklega við þegar stýrivextir eru fastir nálægt núllinu í stærstu hagkerfum heimsins, þegar Kína er undanskilið.

En hugtakið „gjaldmiðlastríð“ er mjög villandi. Í heimi þar sem heildareftirspurn er lítil og hætta er á verðhjöðnun eru engin vandamál samfara gengislækkun til að stuðla að samkeppni. Gagnrýnendur halda því fram að ekki geti öll ríki fellt gengið og þess vegna yrðu nettó áhrif á efnahagsstarfsemi heimsins engin. Þetta er hins vegar langt frá því að vera rétt. Gengislækkun snýst ekki fyrst og fremst um samkeppnishæfni heldur um áhrifin á peningamarkaðsskilyrði. Ef ríki keppast við að lækka gengið keppast þau þannig í rauninni um að auka peningaframboð og auka hraða peningaflæðis. Þetta er augljóslega mjög jákvætt ef til staðar eru almenn hnattræn vandamál vegna daufrar heildareftirspurnar. Fyrir alla muni, komið því með gjaldmiðlastríðið!

### Að senda röng skilaboð til markaðanna

Með því að samþykkja að nota ekki gengið sem leið til að losa um peningamarkaðsskilyrðin eru tvö mikilvægustu „peningastórveldi“ heimsins, Bandaríkin og Kína, í raun að senda þau skilaboð til heimsins að þau hafi ekki fyllilega skuldbundið sig til að berjast gegn verðhjöðnunarþrýstingi. Það eru vissulega slæmar fréttir – sérstaklega þar sem einkum Seðlabanki Bandaríkjanna virðist ráðvilltur varðandi peningamálastefnuna í núverandi umhverfi með stýrivexti í raun nálægt núllinu.

Í stað þess að samþykkja ígildi þess að festa gengi sitt ættu stærstu peningaveldin að samþykkja að leyfa seðlabönkum um allan heim að ákveða peningamálastefnu sína sjálfstætt vegna sinna eigin hagkerfa með kerfi fljótandi gengis.

Ef seðlabankar og ríkisstjórnir vilja samræma peningamálastefnuna núna gætu þau að minnsta kosti samræmt stefnuna til að berjast gegn mestu hættunni – verðhjöðnun. Því miður virðast stjórnvöld í staðinn hafa samþykkt að fleygja frá sér mikilvægu tæki til að berjast gegn verðhjöðnun.

# Af karakter

## Hin hliðin



Guðrún Högnadóttir
framkvæmdastjóri
Franklin Covey

Íþróttalið eru stundum sögð sýna karakter. Áhrifamiklir einstaklingar eru oft sagðir hafa litríkan karakter. Aðrir eru sagðir skorta karakter á ögurstundu.

En hver er þinn karakter – hvert er þitt innsta eðli? Hugtök eins og heilindi, auðmýkt, tryggð, hófsemi, hugrekki, réttlæti, þolinmæði og iðni eru oft notuð til að spegla okkar innri karakter. Karakter varpar ljósi á hver þú ert í raun, ekki hvað þú átt eða hver þú þykist vera, eða endilega hverju þú hefur áorkað. Karakter þinn hefur áhrif á allt sem þú gerir, allar þínar ákvarðanir og aðgerðir og orð. Okkar sanni karakter birtist oft best þegar við erum undir álagi – og brýst mjög skýrt fram eftir áfall eða miklar breytingar í okkar lífi. Sumir segja að karakter sé sá sem ég er, þegar ég tel engan sjá til mín.

Í metsölubók Stephens Covey, 7 venjur til árangurs sem kemur út á íslensku í lok mánaðar, minnir Covey okkur á að árangursríkir forgöngumenn leiða sjálfa sig og aðra til árangurs á grunni karakters – en sækjast ekki eftir að öðlast innantóma velgengni sem vekur skammvinna athygli en fjarar út með næstu öldu. Jim Collins, prófessor og höfundur Good to Great, ítrekar: „Það fæst enginn árangur án aga, og það fæst enginn agi án karakters.“

Flestir foreldrar leitast alla ævi við að innræta börnum sínum góð gildi og þroska karakter þeirra. Karakter vinnustaða – eða menning þeirra – mótast af hugsun og hegðun hvers starfsmanns. Ekki af mætti innri eða ytri markaðssetningar. Það sama á við um okkar innri mann – við getum fengið sérfræðinga til að pússa okkar ytri ásýnd, með förðun, fötum og tilsögn í framkomu. En þinn sanni karakter geislar enn sterkar heldur en gríma fassins. Við getum líkt karakter við rætur, sem, ef rétt er hlúð að, gefa ávöxt um ókomna tíð.

Verkefni okkar tíma, verkefni allra tíma, krefjast heilsteypts karakters. Við höfum séð – og saknað – tákn göfugs karakters í fréttum síðustu vikna. Styrksins að kunna að biðjast afsökunar, iðrast og bæta fyrir mistök sín. Kjarkinn til að viðurkenna að þótt að aðgerð mín sé innan ramma laganna, þá er hún ekki til eftirbreytni – og mögulega skaðleg og siðlaus. Auðmýktina til að segja: „Ég hafði rangt fyrir mér og það er nóg til skiptanna. Ég þarf ekki alla þessa fjármuni til eigin nota.“

Hvaða karakter vilt þú að aðrir sjái í þér? Hvaða raunframlag verður skráð í þína sögu?

# FRÉTTABLAÐIÐ

# 57,4%

**íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.***




Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.



Skv. prentmiðlakönnun Gallup, apríl–júní 2016.




Allt sem þú þarft ...

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 7. september 2016

Íslenska úrvalsvísitalan
1.734,6 -11,29
(0,65%)

vísir
www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti


## 226.924
**FARÞEGAR**

WOW air flutti 226.924 farþega í ágúst sem er 111% aukning miðað við sama mánuð í fyrra. Flugfélagið hefur flutt um milljón farþega á árinu og er aukningin 110% miðað við sama tímabil í fyrra. WOW hóf flug til Bandaríkjanna fyrir einu og hálfu ári og er meðalfjölgun þaðan 67% milli ára.

## 10,3%
**AFLAHEIMILDA**

Aflamark skipa HB Granda á nýhöfnu fiskveiðiári er samtals um 38.220 tonn ef miðað er við þorskígildi en um 48.500 tonn ef miðað er við úthlutun í einstökum tegundum. Þetta samsvarar um 10,3% af heildarkvótanum.

**31.08.2016**



**Við vorum búin að vinna í þessu í tvö ár, höfðum eytt 36 þúsund vinnustundum. Það var allt orðið tilbúið. Við tókum áhættu þarna og lögðum öll eggin í sömu körfuna. Svo fáum við þetta bréf þar sem NBC segir: Heyrðu, það gekk ekki nógu vel á Ólympíuleikunum. Við þurfum að skera niður og getum ekki framleitt þáttinn.**

Þorsteinn B. Friðriksson, stofnandi og framkvæmdastjóri Plain Vanilla



## Fagmaður í verkið

Eigendur Arion banka hljóta að vera lukkulegir með að hafa krækt í Benedikt Gíslason sem ráðgjafa við sölu Arion banka. Benedikt hefur nýlokið einu af stærri verkefnum íslensks efnahagslífs sem lykilmaður í ráðgjafarhópi um losun gjaldeyrishafta. Benedikt þykir mikill fagmaður, lipur í samskiptum og lausnamiðaður.

Mikið er í húfi að vel takist til, bæði fyrir markaðinn í heild sinni en ekki síður ríkið sem á 13 prósenta hlut í bankanum, en auk þess vegna afkomuskiptasamnings sem gerður var við kröfuhafa.

## Hrossakjöt í nautakjöt

Niðurstaða Matís um að í 22% tilvika fengju gestir veitingastaða annan fisk en þeir pöntuðu hefur vakið nokkra athygli. Orðrómur um vörusvik í veitingageiranum er ekki nýr af nálinni. Á áttunda áratugnum gekk það fjöllunum hærra að ekki væri tryggt að menn fengju nautakjöt þegar það var pantað á veitingastöðum. Þannig var sú saga sögð fyrir einhverjum árum, þegar nautakjötsskortur var í landinu, að í barnaskólabekk hefðu störf foreldra verið rædd og drengur svaraði þegar hann var spurður hvað pabbi hans gerði: „Hann breytir hrossakjöti í nautakjöt.“

## Bretar verði tilraunadýr

Már Guðmundsson seðlabankastjóri ræddi hugmyndir um þjóðpeningakerfi á fundi KPMG. Hann benti á að hugmyndir þeirra sem aðhyllast nýtt kerfi væru fræðilegar og engin reynslurök að finna fyrir slíku kerfi. Hann sagði ekki góða hugmynd að gera Ísland að slíku tilraunasvæði, landi væri lítið og sérstakt um margt. Auk þess væri Ísland aðili að Evrópska efnahagssvæðinu og gæti ekki gert slíka tilraun. „Nú höfum við frábært tækifæri, þar sem Bretland hefur ákveðið að yfirgefa Evrópu. Bretland ætti því að gera slíka tilraun og við munum fylgjast vel með hvernig gengur,“ sagði Már og uppskar hlátur fundarmanna.












**Aðalstræti 16** Akureyri

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hæð | 6 herbergi | 212 fm | Hæð með auka íbúð |
| 41,900,000 | Leyfi fyrir Airbnb | | |
| | Davíð fasteignasali | | 897 1533 |




**OPIÐ HÚS Í DAG**
miðvikudaginn 7.júní kl.17:00-17:30


Helgi Jónsson
aðstm. fasteignasala
sími: 780 2700
helgi@miklaborg.is


Gunnar Helgi Einarsson
löggiltur fasteignasali
sími: 615 6181
gunnarhelgi@miklaborg.is

Mjög vel skipulögð 97,1 fm 4ra herbergja endaíbúð á 1. hæð í mjög vel við höldnu húsi á þessu sívinsæla stað. Suður svalir.

Verð: **43,9 millj.**

MIKLABORG FASTEIGNASALAN 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

F I S K I S T O F A

## Krabbaveiðar í Faxaflóa

### Leyfi til veiða á kröbbum í innanverðum Faxaflóa fiskveiðiárin 2016/2017 – 2017/2018 – 2018/2019

07.09.2016
Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um 2 leyfi til veiða á kröbbum í Faxaflóa fiskveiðiárin 2016/2017, 2017/2018, 2018/2019 sbr. reglugerð nr. 1070/2015, um veiðar á kröbbum í innanverðum Faxaflóa.

Umsóknum skal skilað til Fiskistofu í gegnum Ugga, upplýsingagátt Fiskistofu. Skal umsóknum fylgja upplýsingar um fyrri veiðar á kröbbum, hvar veiðar eru fyrirhugaðar og gerð gildra.

**Umsóknarfrestur er til og með 21. september 2016**




**OPIÐ HÚS**
miðvikudaginn 7.sept kl.17:30-18:00


Jason Kristinn Ólafsson
aðstm. fasteignasala
sími: 775 1515
jassi@miklaborg.is


Gunnar S. Jónsson
löggiltur fasteignasali
sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

92,3 fm íbúð á 2. hæð
Svalir til suðurs
3ja herbergja íbúð

Verð: **37,9 millj.**

MIKLABORG FASTEIGNASALAN 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Barmahlíð 44. - 4ra herbergja risíbúð.**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Virkilega vel skipulögð 75,2 fm. risíbúð með mjög mikilli lofthæð. Stofa og eldhús í einu opnu rými. 3 rúmgóð svefnherbergi. Svalir til suðurs. Milliloft með þakglugga yfir hluta íbúðar sem getur nýst sem leikrými fyrir börn eða geymsluloft. **Verð 34,9 millj. Verið velkomin.**

# AUGLÝSING UM DEILISKIPULAGSBREYTINGAR Í GARÐABÆ

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með kynningu á tillögum að breytingum eftirfarandi deiliskipulagsáætlana í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

1. **Ásgarður, skóla og íþróttasvæði. Tillaga að breytingum deiliskipulags.**
Tillagan gerir ráð fyrir tilfærslu æfingavalla og ljósamastra, stækkun lóðar íþróttasvæðis og breytingu á legu göngustígs meðfram húsum við Stekkjarflöt. Einnig verður byggingarreitur íþróttamannvirkja stækkaður.

2. **Bæjargarður. Tillaga að breytingum deiliskipulags.**
Tillagan gerir ráð fyrir íþróttavelli og sandblakvöllum við húsið Garð sem fær að standa samkvæmt tillögunni.

3. **Garðahraun (Prýði). Tillaga að breytingum deiliskipulags.**
Tillagan gerir ráð fyrir því að tenging Garðahraunsvegar (Gamla Álftanesvegar) við Herjólfsbraut leggist af, tengingar og stígar við gatnamót við nýja Álftenesveginn breytast til aðlögunar að nýrri útfærslu gatnamóta auk ýmissa smærri breytinga á vegum og tengingum. Lega götunnar Steinprýði (hjá Gimli) sem og lóðamarka og byggingarreita breytist. Skipulagssvæðið er stækkað til norðurs og er þar nú gert ráð fyrir útivistarsvæði í hrauninu. Hljóðvarnir (jarðvegsmanir og skermar) milli byggðarinnar og nýja Álftanesvegar eru felldar brott þar sem þeirra reynist ekki þörf eftir breytingar sem gerðar voru á framkvæmd vegarins.

4. **Urriðaholt, viðskiptastræti. Tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholtsstræti 10-12.**
Tillagan gerir ráð fyrir því að á efri hæðum verði heimilaðar íbúðir og að gert sé ráð fyrir allt að 36 smáíbúðum.

Tillögurnar liggja frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 7. september 2016 til og með 19.október 2016. Þær eru einnig aðgengilegar á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út miðvikudaginn 19.október 2016.

Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Garðabæjar og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir þeim.

**Arinbjörn Vilhjálmsson**
**skipulagsstjóri Garðabæjar**

GARÐABÆR 40
GARÐATORGI 7
SÍMI 525 8500
GARDABAER.IS

Fljótsdalshérað

## Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 Ásgeirsstaðir

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs auglýsir hér með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 samkvæmt 1.mgr.36.gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Ásgeirsstaðir eru um 11 km akstursleið norðan við þéttbýlið á Egilsstöðum og 4 km akstursleið suðaustan við Eiða, á svæði sem skilgreint er sem landbúnaðarsvæði á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028. Þar er áhugi á að koma upp gistiaðstöðu fyrir ferðafólk og liggja fyrir drög að deiliskipulagi þar sem gert er ráð fyrir allt að 16 litlum húsum, samtals 450 fermetrar á 1,15 ha svæði.
Vegna þessa er hér sett fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028.

Greinargerð aðalskipulagsins verði breytt þannig að við töflu yfir verslunar- og þjónustusvæði í kafla 9.5 verði bætt einni línu: V33 Ásgeirsstaðir, gistiþjónusta í frístundahúsum á allt að 1,15 ha lands næst íbúðarhúsi.
Á sveitarfélagsuppdrætti B verði fært inn punkttákn með auðkenni V33 við bæinn Ásgeirsstaði en þar er landbúnaðarsvæði á gildandi uppdrætti.

## Tillaga að deiliskipulagi Ásgeirsstaðir

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi fyrir Ásgeirsstaði skv.41.gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 sem samþykkt var í auglýsingu í bæjarstjórn þann 15.6.2016.

Skipulagssvæðið afmarkast eins og fram kemur á uppdrætti.

Breytingin felur í sér að heimila gistiaðstöðu fyrir ferðafólk í allt að 16 litlum húsum, samtals 450 fermetrar á 1,15 ha svæði. Stærð húsa verði á bilinu 15-36 fermetrar, byggð úr timbri, á einni hæð og með lágu risi. Mænisstefna verður vest-suðvestur / aust-norðaustur. Byggingarreitirnir eru fjórir, innan reit 1 og 4 verði heimilt að staðsetja 3 stök hús en á reitum 2 og 3 verði heimilt að staðsetja 5 stök hús.
Gert er ráð fyrir einu bílastæði fyrir hvert hús.

Breytingartillaga aðalskipulags og umhverfisskýrsla og deiliskipulagsuppdráttur verða til sýnis á bæjarskrifstofunum að Lyngási 12, 700 Egilsstöðum, frá og með fimmtudeginum 8.september 2016 til fimmtudagsins 3. nóvember 2016 og hjá Skipulagsstofnun á Laugarvegi 166 í Reykjavík. Uppdrættir og greinargerðir verður einnig til sýnis á heimasíðu Fljótsdalshéraðs, www.fljotsdalsherad.is

Þeir sem telja sig eiga hagsmuni að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna til fimmtudagsins 3. nóvember 2016.
Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Fljótsdalshéraðs, Lyngási 12, 700 Egilsstöðum

*Fljótsdalshérað 5.9.2016*
*Skipulags- og byggingarfulltrúi Fljótsdalshéraðs*



